FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

125. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 29. MAÍ 2017

Ferðaþjónustufyrirtæki tóku þátt í björgunaræfingu sjóbjörgunarsveita Landsbjargar á Faxaflóa í gær. Starfsfólk fyrirtækjanna lék farþega á skipunum og æft var hvernig má koma farþegum í björgunarbáta og á milli skipa. „Þetta gekk mjög vel, bæði við og björgunarsveitirnar lærðum heilmikið á þessu," segir Hilmar Stefánsson, sem skipulagði æfinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Græðum meira en aðrir á Airbnb

Yfir helmingur Airbnb-gestgjafa í Reykjavík hafa fleiri en eina íbúð til útleigu á vefsíðunni. Reykjavík fær miklu fleiri Airbnb-gesti hingað til lands á ári en borgir sem eru mun fjölmennari. Hver íbúð skilar að meðaltali 1,6 milljónum króna í tekjur.

VIÐSKIPTI Íslenskir gestgjafar græða meira á Airbnb en kollegar þeirra í öðrum löndum eða að meðaltali 16.500 dollara, sem jafngildir 1,6 milljón króna, á ári á hverja íbúð í miðbænum. Heildartekjur reykvískra gestgjafa voru 5,3 milljarðar króna á síðasta ári.

Þetta kemur fram í tölum frá dr. Jeroen A. Oskam sem rannskað hefur framtíðarþróun í ferðaþjónustu og stýrir Framtíðarstofnun ferðaþjónustunnar við Stendan-háskóla í Hollandi.

Samkvæmt upplýsingum Oskam græða íslenskir Airbnb-gestgjafar að meðaltali um 3.500 Bandaríkjadölum meira á ári en næst gróðahæstu gestgjafar heims, í Westminster-hverfinu í London. Gestgjafar í Barcelona, sem hefur notið gríðarlega mikils ferðamannastraums um margra ára bil, græða um 8.600 dollara á ári, tæplega helmingi minna en íslenskir gestgjafar.

„Það sem kemur mest á óvart varðandi Reykjavík er að miðað við hvað þetta er lítil borg þá er hlutfall gesta sem nota Airbnb í engu samræmi við aðrar borgir. Árið 2015 var 1,1 milljón Airbnb-gesta í Amsterdam en á sama tíma voru Airbnb-gestir um 200 þúsund í Reykjavík. Reykjavík er einn sjötti af stærð Amsterdam," segir Oskam. Aukningin á milli ára var gríðarleg, en samkvæmt Oskam nýttu 380 þúsund manns sér Airbnb-gistingu í Reykjavík á síðasta ári. Um 75 prósent allra Airbnb-íbúða í Reykjavík eru í Miðbæ, Vesturbæ og Hlíðum. „Þetta hefur neikvæð áhrif á húsnæðismarkaðinn. Húsnæðisverð hækkar því leigjendur eru í beinni samkeppni við ferðamannastrauminn." – **snæ**

Minnisvarði um slys afhjúpaður

SAMFÉLAG Á fimmta tug manns var í gær viðstaddur þegar minnisvarði um pólska flutningaskipið SS Wigry var afhjúpaður við Syðra-Skóganes á Snæfellsnesi í gær. Skipið fórst út af Mýrum þann 15. janúar 1942 en aðeins tveir skipverjar, af 27 manna áhöfn, komust lífs af. Við athöfnina í gær var 25 rósum fleytt út í sjó til að minnast þeirra sem fórust.

„Við vorum heppin með veður. Rúta lagði af stað frá Reykjavík í rigningu en sólin byrjaði að skína á leiðinni," segir Witek Bogdanski, formaður Samtaka Pólverja á Íslandi.

Sýning um slysið verður opnuð í Sjóminjasafninu 10. júní. Sýningin ber heitið Minning þeirra lifir.

– **jóe / sjá tímamót**

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Kári Stefánsson telur að ríkisstjórnin hafi ekki starfað í samræmi við umboð sitt. 8

SPORT EM-draumurinn lifir enn hjá Söndru Maríu. 12

LÍFIÐ Elli Grill keypti sér gulltennur og gefur út nýja plötu. 22

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Gengur í strekking eða allhvassa austanátt með rigningu, en hægari og þurrt NA-til. Milt í veðri og hiti allt að 16 stigum NA-lands. SJÁ SÍÐU 16

Í talstöðvarsamskiptum heyrðist að ekki var allt með felldu.

Skipstjórinn í haldi lögreglu

LÖGREGLUMÁL Landhelgisgæslan færði til hafnar rússneskan togara í gærmorgun vegna gruns um ölvun skipstjóra og yfirstýrimanns skipsins. Mennirnir voru látnir sofa úr sér í fangaklefa lögreglunnar í Hafnarfirði og yfirheyrðir í gærkvöld. „Þeir voru mjög ölvaðir. Við heyrðum það á þeim þegar þeir tilkynntu sig. Það var greinilegt að það var ekki allt með felldu. Við heyrðum það bara á málrómnum. Það er alltaf hætta sem fylgir því þegar skipstjórinn, sem ræður öllu um borð, er ekki alveg edrú," segir Auðunn Kristinsson, verkefnastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar.

Landhelgisgæslan sigldi til móts við skipið og um borð fóru tveir lögreglumenn og einn maður frá Landhelgisgæslunni. „Skipið var bara úti í Faxaflóa og komið inn fyrir Garðskaga. Við vorum með bát yfir honum í nótt með tveimur mönnum svo allt í allt voru þetta fimm sem tóku þátt í aðgerðinni," segir Auðunn.

Skipstjórinn og yfirstýrimaðurinn voru færðir til yfirheyrslu hjá lögreglu en aðrir skipverjar voru einnig yfirheyrðir í gærkvöldi. Mennirnir voru enn í haldi lögreglu þegar Fréttablaðið fór í prentun en verða látnir lausir að yfirheyrslu lokinni. Landhelgisgæslan hefur ekki áður þurft að hafa afskipti af togaranum. – **snæ**

» Siglt var með tvo lögreglumenn til móts við skipið.

Tendruðu kerti fyrir fórnarlömb HIV

Guðsþjónusta var haldin í Fríkirkjunni í gær til minningar um þá sem hafa látið lífið úr alnæmi hér á landi. Kveikt var á kertum fyrir hvern einstakling sem látið hefur lífið úr þessum illvíga sjúkdómi. Minningarstundin er árleg og er haldin um heim allan undir yfirskriftinni Candlelight memorial day. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Finnsk hugmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Bæta námið með lotukennslu

NOREGUR Skólayfirvöld í Ósló hyggjast ráða 50 nýja kennara sem eiga að taka að sér lotukennslu fyrir nemendur í 1. til 4. bekk sem eru orðnir á eftir í námi. Hugmyndin tekur mið af kennslu í Finnlandi.

Nú þurfa 10. bekkingar í Noregi þrefalt meiri sérkennslu en þeir sem eru í 1. bekk. Vitað er að námsörðugleikar aukast sé ekki tekið fljótt á þeim. Með ráðningu nýju kennaranna á að snúa dæminu við.

Þeir munu starfa í 15 af 110 grunnskólum Óslóar. – **ibs**

Bláskógabyggð vill íþróttamannvirkin

Viðræður standa yfir um að sveitarfélagið Bláskógabyggð taki yfir íþróttahúsið og sundlaugina að Laugarvatni. Sveitarstjórnarmenn skoðuðu í síðustu viku ástand eignanna. Sveitarstjórinn segir þær skipta samfélagið miklu máli.

Húsnæðið yrði áfram í eigu ríkisins en þar verður rannsóknarsetur.

STJÓRNSÝSLA Viðræður eru hafnar milli menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins annars vegar og sveitarfélagsins Bláskógabyggðar hins vegar um að sveitarfélagið taki við íþróttahúsinu á Laugarvatni, íþróttamiðstöðinni, sundlauginni, og íþróttavellinum þegar Íþróttafræðasetrið að Laugarvatni hefur endanlega verið lagt niður.

Háskóli Íslands hættir endanlega kennslu í íþróttafræði að Laugarvatni núna í sumar og hefur óskað eftir því að losna við fyrrgreindar eignir frá og með 1. júní. Allt frá því að ákvörðunin um að hætta kennslunni var tekin haustið 2015 hefur óvissa ríkt um framtíð mannvirkjanna. Þó hefur verið ákveðið að kennsluhúsnæðið og nokkrir starfsmannabústaðir yrðu nýttir undir rannsóknarsetur að Laugarvatni sem opnað verður í samstarfi við háskólasamfélagið á Suðurlandi. Það er hugsað sem mótvægisaðgerð þegar íþróttakennslu Háskólans verður hætt.

„Þetta er einn af möguleikunum sem búið er að vera að skoða, en þetta er á viðræðustigi enn þá," segir Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri í Bláskógabyggð. Hann segir margt að skoða í tengslum við þessar viðræður, til dæmis ástand eignanna, og enn eigi eftir að taka ákvörðun um það hvaða verð yrði greitt fyrir þær ef af yrði. „Við tókum síðustu viku í að skoða þessar eignir og átta okkur á því í hvaða stöðu þær eru. Það er ekkert hægt að fara að taka við þessum eignum án þess að vita hvað fylgir með," segir Valtýr. Hann bætir því við að fundur sé áformaður vegna þessa máls í næstu viku og að funda verði tvisvar til þrisvar í viðbót áður en menn átti sig á því hver niðurstaðan verður.

> Samfélagið að Laugarvatni getur ekki án íþróttahússins og sundlaugarinnar verið.
>
> Halldór Páll Halldórsson skólameistari

Valtýr segist meðvitaður um það að framtíð þessara mannvirkja skipti miklu máli fyrir samfélagið að Laugarvatni. „Þetta skiptir samfélagið þarna alveg gríðarlega miklu máli. Það er ekki bara háskólinn sem hefur notað þetta. Menntaskólinn notar þetta, leikskólinn, ungmennafélagið. Þannig að þetta er búið að vera ákveðin burðarstoð inni í þessu samfélagi," segir Valtýr. Því sé mikilvægt að finna lausn sem allir geta sætt sig við.

Stjórnendur Menntaskólans að Laugarvatni hafa þrýst á um að nýr húsráðandi íþróttahúss og sundlaugar Háskóla Íslands á Laugarvatni yrði fundinn þegar íþróttafræðasetrið væri farið. „Það er einfaldlega þannig að það verður að finnast lausn til langrar framtíðar vegna þess að Menntaskólinn og samfélagið að Laugarvatni getur ekki án íþróttahússins og sundlaugarinnar verið," segir Halldór Páll Halldórsson skólameistari.

jonhakon@frettabladid.is

RENAULT
Passion for life

NÝR MEGANE

Hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði.

ENNEMM / SÍA / NM82307

NÝR RENAULT MEGANE ZEN

1,5 DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*

Renault Megane hefur aldrei verið glæsilegri en í þessari nýju útgáfu sem hönnuð er af verðlaunahönnuðinum Laurens van den Acher. Nýr Renault Megane er ekki einungis glæsilegur útlits heldur er hann hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði sem setur ný viðmið í þessum stærðarflokki bíla. Sjón er sögu ríkari.

VERÐ: 2.990.000 KR.

ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn, 6 öryggispúðar (5 stjörnur í EuroNCAP), LED dagljós, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, Bluetooth símabúnaður með raddstýringu, 2ja svæða tölvustýrð loftkæling, upphituð framsæti, fjarlægðarvarar að aftan og framan, 16'' álfelgur, regnskynjari fyrir rúðuþurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition).

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Óljóst hvort NPA og samningur um réttindi fatlaðra fari í gegn

ALÞINGI Lögfesting samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks og lögfesting notendastýrðrar persónuaðstoðar (NPA) er í uppnámi. Útlit er fyrir að tvö frumvörp þessa efnis muni ekki nást í gegn fyrir þinglok.

„Þessi afstaða stjórnarandstöðunnar kom okkur algjörlega í opna skjöldu og við höfum ekki fengið skýringar á henni," segir Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra.

Lengi hefur verið kallað eftir lögfestingu samningsins af fólki úr flestum þingflokkum.

Þá hefur þess einnig verið beðið að NPA verði fest í sessi en hingað til hefur þjónustan haft stöðu tilraunaverkefnis sem framlengt er ár hvert.

Þorsteinn segir að verði frumvörpin ekki samþykkt nú muni það hafa í för með sér að halda þarf vel á spilunum ef þau eiga að verða að lögum fyrir áramót. Vinna þurfi á ný alla þá vinnu sem þegar hefur verið unnin í samstarfi við hagsmunasamtök.

> **Þessi afstaða stjórnarandstöðunnar kom okkur algjörlega í opna skjöldu.**
>
> Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra.

„Ég trúi því ekki að stjórnarandstaðan ætli að bregða fæti fyrir svona mikilvægt mál. Það ætti að vera hægur leikur fyrir velferðarnefndina að afgreiða málið fyrir þinglok," segir Þorsteinn.

„Við, sem fatlað fólk, höfum beðið eftir þessum málum í mörg ár, ef ekki áratug. Það skýtur skökku við, og er í raun mjög sérstakt, að þessi mál verði bremsuð af," segir Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra. „Ef þetta fer ekki í gegn núna þá verður knappur tími fyrir sveitarfélög að undirbúa málið fyrir næsta ár."

Notendastýrð persónuaðstoð felur í stuttu máli í sér að notendur þjónustu frá hinu opinbera skipuleggja sjálfir hvernig hún er nýtt - **jóe**

Lögregla á vettvangi í Svíþjóð. NORDICPHOTOS/AFP

Glæpamenn biðja um hjálp

SVÍÞJÓÐ Tvöfalt fleiri hafa leitað aðstoðar hjá ráðgjafaþjónustu á vegum bæjaryfirvalda í Malmö við að yfirgefa glæpasamtök miðað við sama tíma í fyrra. Þeir sem koma segja ekki hægt að treysta neinum og að fólk sé skotið fyrir litlar sakir. Þeir séu einfaldlega hræddir. Ráðgjafarnir geta meðal annars aðstoðað fólk við að koma sér fyrir í öðru sveitarfélagi.

Að meðaltali leita 40 aðstoðar á ári. Það sem af er þessu ári hafa 30 afbrotamenn beðið um hjálp. – **ibs**

Vilja aðgengi. NORDICPHOTOS/GETTY

Fatlaðir mynda hindranirnar

DANMÖRK Fatlaðir einstaklingar í Billund á Jótlandi í Danmörku og aðstoðarmenn þeirra fá myndavél í hendur til að mynda þá staði í bænum þar sem erfitt er að komast leiðar sinnar.

Að sögn verkefnisstjórans sjá starfsmenn bæjarins þetta ekki á sama hátt og fatlaða fólkið. Myndskeiðin verða síðan sýnd starfsmönnunum svo hægt verði að taka tillit til fatlaðra við framkvæmdir. – **ibs**

Geðsjúkir þurfa að bíða eftir úrræðum inni á spítala í tvö ár

Skortur á búsetuúrræðum þýðir að fólk bíður allt upp í tvö ár eftir því að komast út af geðsviði Landspítalans. Aðrir fá ekki inni vegna þessa og útilokað að vinna á biðlistum. Um viðvarandi vanda er að ræða. Stjórnvöld stóðu fyrir sérstöku átaki fyrir áratug en ávinningurinn tapaðist niður strax aftur.

HEILBRIGÐISMÁL Alla jafna bíða tíu til fimmtán skjólstæðingar geðsviðs Landspítala eftir hentugu húsnæði, en það eru um eða yfir tíu prósent af öllum legurýmum sviðsins. Húsnæðisskorturinn hamlar útskrift sjúklinga en mun heppilegra er að sjúklingar sæki endurhæfingu á geðsviði með komum á dag- og göngudeild og dvelji heima þess á milli. Á sama tíma, og þess vegna, bíða fjölmargir eftir að fá hjálp.

María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans, segir það mjög bagalegt að þegar meðferð er lokið sé jafn erfitt að útskrifa fólk og raun ber vitni. Vegna þessa er erfitt eða útilokað að vinna niður biðlista.

„Ef búsetuúrræðin væru öflugri þá gætum við veitt betri dag- og göngudeildarþjónustu sem væri mun eðlilegri endurhæfing – og þá væri þetta eins og vinna. Á daginn vinnur þú í að bæta þína heilsu en ert með þinni fjölskyldu á kvöldin," segir María og bendir á að það eru sveitarfélögin sem eiga að útvega búsetuúrræði fyrir þennan hóp samkvæmt lögum. Hins vegar hafi sú uppbygging ekki gengið nægilega vel, þó mikilvæg skref hafi verið tekin í þá átt. Sveitarfélögin hafi hins vegar ekki undan.

María segir að biðtími einstaklinga inni á geðsviði sé frá því að vera nokkrir mánuðir en allt upp tvö ár.

„Tveggja ára bið er mjög langur tími og mjög íþyngjandi fyrir viðkomandi. Það sem gerist þegar fólk bíður svona lengi er að hætta er á því að fólk missi móðinn," segir María.

En ef horft er aftur í tímann – er þessi vandi ný til kominn?

Hópur fólks bíður eftir því að komast út af spítala – aðrir bíða utan hans á meðan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta er eldgömul saga. Fyrir um áratug var ráðist í sérstakt átak á vegum stjórnvalda til að koma hópi geðfatlaðra sem höfðu dvalið lengi á Kleppi út í samfélagið að nýju. Þá átti að búa svo um hnútanna að það yrði aldrei neinn að dúsa á spítala lengur en hann þyrfti – hvorki aldraðir né geðsjúkir. Svo erum við þvert á móti stödd á þeim stað að aldraðir og geðsjúkir eru allt of lengi inni á sjúkrahúsunum. Við eigum að veita meðferð en ekki vera heimili þessa fólks – bara alls ekki," segir María og vísar til átaks félagsmálaráðuneytisins árið 2006, sem lauk árið 2010 og var árangurinn góður. Aðeins hálfu ári seinna tók fólki sem dvalið hafði á stofnunum í lengri tíma að fjölga að nýju.

> **Tveggja ára bið er mjög langur tími, og mjög hamlandi fyrir viðkomandi.**
>
> María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs LSH

Geðsvið Landspítala sinnir meginstarfsemi sérhæfðrar geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi – sinnir göngudeildar- og samfélagsgeðþjónustu ásamt geðheilbrigðisþjónustu fyrir bráðveikt fólk og sérhæfð vandamál, og endurhæfingu geðfatlaðra.

svavar@frettabladid.is

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

Félagsleg leiga dýrust í Garðabæ

HÚSNÆÐISMÁL Dýrustu félagslegu íbúðir landsins má finna í Garðabæ. Meðalleigugjald á hvern fermetra en hæst í sveitarfélaginu í öllum flokkum nema fjögurra herbergja íbúðum en í tveggja herbergja íbúðum er meðal fermetraverðið 170 krónum hærra en í Reykjavík.

Þetta kemur fram í nýútkominni könnun á leiguíbúðum í eigu sveitarfélaga sem unnin er fyrir velferðarráðuneytið. Fram kemur í könnuninni að Garðabær er með fæstar leiguíbúðir miðað við höfðatölu á öllu höfuðborgarsvæðinu, eða um 35 talsins. Samkvæmt upplýsingaveitu sveitarfélaga eru íbúar Garðabæjar 15.230 talsins.

Af 50 fjölmennustu sveitarfélögum landsins eru það aðeins Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Langanesbyggð, Hörgársveit, Bolungarvíkurkaupstaður, Hvalfjarðarsveit og Vogar sem hafa færri félagslegar íbúðir miðað við höfðatölu.

Garðabær rukkar hærra verð fyrir leiguíbúðir sínar en Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meðalleiguverð í Garðabæ eru 1.889 kr. í stúdíóíbúðum, 1.816 kr. í tveggja herbergja íbúðum, 1.656 kr. í þriggja herbergja íbúðum og 745 kr. í fjögurra herbergja íbúðum. Samkvæmt könnuninni hyggst sveitarfélagið fjölga félagslegum íbúðum í sveitarfélaginu um sjö á þessu ári og því næsta. Bænum bárust 39 umsóknir um félagslegt húsnæði árið 2016 en allar umsóknirnar voru samþykktar. – **snæ**

NÝR SUBARU LEVORG
ÖRUGGUR FJÓRHJÓLADRIFINN
VALKOSTUR

ENNEMM / SÍA / NM81949

SUBARU LEVORG PREMIUM, bensín, sjálfskiptur
Með EyeSight öryggismyndavélum
Eyðsla 6,9 l/100 km* – Verð 4.990.000 kr.

400.000 kr. aukabúnaður
fylgir nýjum SUBARU LEVORG
Tilboðið gildir út maí.

HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

EyeSight
Driver Assist Technology

EyeSight öryggiskerfi Subaru er það fullkomnasta sem völ er á.
Kerfið aðstoðar ökumenn við að koma í veg fyrir árekstur.

EyeSight öryggiskerfið tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélarnar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

SUBARU
Confidence in Motion

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Mun meiri síld fyrir austan en sést hefur undanfarin ár

RANNSÓKNIR Bráðabirgðaniðurstöður frá íslenska hluta fjölþjóðlegs rannsóknarleiðangurs sýna mun meiri útbreiðslu og magn af norsk-íslenskri síld innan landhelginnar austur af Íslandi en verið hefur undanfarin vor. Síldin er því fyrr á ferðinni en áður og er gengin vestar.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hafrannsóknastofnun, en í síðustu viku lauk um þriggja vikna löngum leiðangri rannsóknaskipsins Árna Friðrikssonar sem hafði það meginmarkmið að meta magn og útbreiðslu norsk-íslenskrar síldar og kolmunna austur og norðaustur af landinu.

Þessi árlegi leiðangur í norðaustanvert Atlantshaf í maí var nú farinn 23. árið í röð og taka þátt í honum, auk Íslendinga, rannsóknaskip frá Noregi, Færeyjum, Danmörku og Rússlandi. Niðurstöður hans eru meðal annars nýttar við stofnmat á norsk-íslenskri síld innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og við vöktun á langtímabreytingum vistkerfisins og ástandi hafsins.

Ekkert ber á makríl enn þá – reynslan sýnir að það segir ekkert um göngur hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Sameiginleg úrvinnsla á leiðangursgögnum skipanna fimm mun fara fram á næstu vikum og verða niðurstöður kynntar og notaðar á fundi ICES í lok ágúst þar sem vinna við stofnstærðarmat og ráðgjöf þessara uppsjávarfiskistofna fer fram.

Í íslenska hluta leiðangursins fannst nær eingöngu eldri hluti stofnsins, 12 og 13 ára gömul síld, sem hefur verið uppistaðan í veiði undanfarinna ára. Austar, undan ströndum Noregs, fundu önnur rannsóknarskip yngri síld.

Á Íslands-Færeyjahryggnum varð vart við kolmunna svo og í hlýsjónum suðaustur af Jan Mayen. Þéttleikinn var að öllu jöfnu lítill. Nær ekkert varð vart við makríl í leiðangrinum í ár en á undanförnum árum hafa einungis fáeinir fiskar fengist í einstaka togum milli Íslands og Færeyja.

Þessar niðurstöður gefa því ekki tilefni til að álykta eitthvað um makrílgengd inn á íslensk hafsvæði í sumar, segir í tilkynningunni frá Hafró. **- shá**

AIRBNB
OG ÓHEILBRIGÐ SAMKEPPNI

Hádegisfundur um samfélagsleg áhrif Airbnb verður haldinn á Grand Hótel, þriðjudaginn 30. maí kl. 12.00.

Gestur fundarins verður dr. Jeroen A. Oskam.
Dr. Oskam hefur greint stöðu Airbnb á Íslandi og mun kynna sviðsmyndagreiningu á stöðunni í samanburði við aðrar stórborgir í Evrópu. Þar á meðal hvernig óskráð gististarfsemi hefur áhrif á byggðarþróun, íbúðarverð og heilbrigðan samkeppnisrekstur í gistiþjónustu.

DAGSKRÁ:
Dr. Jeroen Oskam *„Sharing Is Finally Becoming Transparent: Detailed Analysis of Airbnb In Europe's Metropolises“.*
Umræður

FUNDARSTJÓRI:
Halldór Benjamín Þorbergsson,
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Skráning: www.saf.is

S A F

Athugið að skráningafrestur er til kl. 20.00 mánudaginn 29. maí og er fundurinn þátttakendum að kostnaðarlausu.

Flísabúðin kynnir!
Flísaskera og Winkler vatnsverndarkerfi

Þriðjudaginn 30. maí milli kl. 14-17 verður haldin kynning í Flísabúðinni, Stórhöfða 21, á MONTOLIT flísaskerum og WINKLER vatnsvarnar kerfi.

Í lok kynningarinnar verður dreginn út einn heppinn gestur sem fær Montolit flísaskera í vinning.

MONTOLIT hefur síðan 1946 sérhæft sig í verkfærum fyrir fagmenn til flísalagna og eru þau seld í yfir 100 löndum í dag. Montolit mun kynna fyrir fagmönnum nýjustu tækni í flísaskurði. Þar á meðal:

- Nýjustu gerð af mest selda flísaskera heims í dag.
- Nýtt rykvarnarkerfi sem hægt er að setja á hvaða slípirokk sem er og gerir þér kleift að vinna innandyra.
- Nýja leið til að gera misstór göt í flísar með einungis einu verkfæri.
- Ný verkfæri sem hindra að sprungur myndist þegar verið er að gera flókna skurði í flísar.
- Nýjustu verkfærin fyrir stórar og þykkar flísar (3ja metra langar og 2 cm þykkar).

WINKLER hefur sérhæft sig í vatnsverndar kerfum síðan 1987 og mun kynna:

- Fljótandi vatnsvörn sem dugar að leggja í eina umferð og er tilbúin undir flísalögn á undir 7 klst.
- Tveggja þátta lím sem bæði vatnsver og límir flísar í einni umferð.
- Sjálflímandi kverkborða sem er bæði auðvelt og fljótlegt að nota til að loka kverkum og niðurföllum.
- Vatnsvörn fyrir flísalagða fleti með 10 ára endingu.
- ONE vatnsvörn fyrir mikin hita og hægt er að bera á raka eða blauta fleti.

• Free Admission

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Merkel skolaði ummælunum niður með einum hrímuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Merkel segist ekki geta treyst Bandaríkjunum

Framkoma Bandaríkjaforseta í vikunni gerði það að verkum að Þýskalandskanslari setur vissan fyrirvara við bandamenn Evrópu. Flakki Trumps lauk um helgina og hafði bæst nokkuð í vandamálabunka hans meðan hann var í burtu.

ÞÝSKALAND Að mati Angelu Merkel getur Evrópa ekki lengur treyst bandamönnum sínum algjörlega. Kanslarinn lét hafa þetta eftir sér í gær að loknum fundum G7 ríkjanna og Atlantshafsbandalagsins sem fram fóru í síðustu viku.

Í ræðu sinni, sem fram fór á bjórhátíð í München, beindi Merkel orðum sínum ekki beint að Bandaríkjaforsetanum Donald Trump. Hins vegar fór ekki mjög á milli mála hvert orðin áttu að rata. Trump fór mikinn í síðustu viku en þá setti hann meðal annars út á þátttökuþjóðir í NATO-samstarfinu og setti spurningarmerki við hvort Bandaríkin taki þátt í Parísarsamkomulaginu. Endanlegrar niðurstöðu um það er að vænta í vikunni.

Það fór í taugarnar á fulltrúum Þýskalands, Frakklands, Bretlands, Ítalíu, Kanada og Japans að þurfa að ræða mál á G7 fundinum sem þeir töldu lokið fyrir löngu. Stefnubreytingarnar sem fylgdu nýjum forseta vestanhafs höfðu það hins vegar í för með sér.

> **Það er sökum þess sem ég segi að Evrópa verði að taka örlög sín í eigin hendur.**
>
> Angela Merkel kanslari

„Ég fann þetta á eigin skinni í liðinni viku. Það er sökum þess sem ég segi að Evrópa verði að taka örlög sín í eigin hendur,“ sagði Merkel. Það yrði þó að vera gert í samstarfi við nágrannaþjóðir utan ESB á borð við Bandaríkin, Bretland og Rússland.

Fyrstu ferð Trumps sem forseta lauk á laugardag og sneri hann þá aftur í Hvíta húsið. Heima fyrir hafði vandamálum hans fjölgað og voru þau þó mörg áður en hann lagði af stað í níu daga ferð sína. Meðal þeirra sem höfðu bæst í hópinn má nefna að tengdasonur hans, Jared Kushner, er einn þeirra sem er undir smásjá FBI vegna mögulegra tengsla kosningamaskínu Trumps við Rússa.

„Það er skoðun mín að stór hluti hinna meintu leka úr Hvíta húsinu séu skáldaðar fréttir af fölskum fréttamiðlum,“ skrifaði Trump á Twitter-síðu sína. „Í hvert sinn sem miðlar „hafa eitthvað eftir heimildarmönnum“ í stað þess að nefna nöfn þá er líklegt að heimildarmaðurinn sé skáldaður af fréttamanninum.“

Þrátt fyrir þá skoðun forsetans er ljóst að vandamálin heima fyrir eru að riðla dagskrá hans. Ferð hans til Iowa var slegið á frest á meðan teymi hans ræður ráðum sínum. Á dagskránni er meðal annars að endurskipuleggja laga- og fjölmiðlateymi forsetans. **johannoli@frettabladid.is**

Sprengjumaðurinn ítrekað tilkynntur

BRETLAND Leyniþjónusta Bretlands MI5 hefur hafið rannsókn á því hvernig breskum lögregluyfirvöldum mistókst að hafa hendur í hári Salmans Abedi, sem myrti 23 og særði 116, í sprengjuárás í Manchester á mánudag.

Eftir því sem fram kemur í The Guardian hafði áhugi Abedis á því að fremja hryðjuverk ítrekað verið tilkynntur yfirvöldum af kennurum og trúarlegum leiðtogum hans í Manchester. Honum hafði meðal annars verið bannað að sækja mosku í hverfinu sínu.

> **23**
>
> **féllu í árásinni og 116 særðust. Fimmtán hafa verið teknir höndum.**

Foreldrar árásarmannsins eru frá Líbíu en rannsakendur telja jafnvel að Abedi hafi hlotið hryðjuverkaþjálfun í landinu. Hann sneri aftur frá Líbíu aðeins örfáum dögum áður en sprengjuárásin átti sér stað.

Abedi var ekki í hópi þeirra 3.000 öfgamanna sem bresk lögregluyfirvöld hafa undir smásjá sinni dags daglega.

Alls hafa fimmtán manns verið handteknir í tengslum við árásina, þrettán þeirra eru enn í haldi.
– snæ

SUZUKI

Way of Life!

NÝR SWIFT

SUZUKI TÓKST HIÐ ÓMÖGULEGA, AÐ GERA NÝJAN SWIFT ENN BETRI. HANN ER KRAFTMEIRI, LÉTTARI, SPARNEYTNARI, RÚMBETRI OG FULLUR AF TÆKNINÝJUNGUM

KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM SWIFT

VERÐ FRÁ KR.
2.080.000

SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN SUZUKI SWIFT.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Dýrasta djásn

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Þetta land er og þessi þjóð er auðvitað engu lík. Þannig eru reyndar flestar þjóðir, hafa sín sérkenni, sína sérvisku og eigin þjóðarvitund. Allt þetta sem gerir þær að þjóðum meðal þjóða og þar er líkast til ekkert jafn mikilvægt og tungumálið. Sérstaklega fyrir fámenna þjóð eins og okkur Íslendinga sem situr ein að sínu gamla og sérstaka tungumáli sem hefur lifað af yfirráð herraþjóða, hernám, tæknibyltingu og jafnvel heimsvæðingu síðustu áratuga. Það má jafnvel ganga svo langt að velta því fyrir sér hvort við hefðum einhvern tíma orðið frjáls og fullvalda þjóð ef ekki hefði verið fyrir íslenskuna. Baráttan fyrir íslenskunni hefur svo sannarlega oft verið hörð en hún hefur alltaf og mun alltaf verða þess virði fyrir þjóð sem vill vera sinn eigin herra.

Það er oft talað um þá miklu hættu sem íslenskunni stafar af ört vaxandi tækniþróun og það er svo sannarlega ekki ástæða til þess að gera lítið úr því. Við vitum þó við hvað er etja, hvað þarf að gera og hvað það kostar ef við viljum að íslenskan haldi velli. En það er ekki tilfellið þegar kemur að fólkinu sem er treyst fyrir þessu verðmæta og einstaka tungumáli. Þjóðin sem fékk íslenskuna í vöggugjöf virðist nefnilega á stundum vera alveg meira en til í að láta hana flakka ef það gefur nægilega mikið í aðra hönd. Gróði er guð samtímans.

Við þurfum ekki að líta lengi í kringum okkur til þess að sjá þennan veruleika. Nú er ekki lengur í boði að fljúga innanlands með Flugfélagi Íslands heldur þurfum við að fljúga með Air Iceland Connect. Það ætti kannski ekki að koma okkur á óvart enda erum við með eitthvað fresh í nesti, ætlum að skreppa á Tax Free daga í bænum og skella okkur svo kannski gourmet út að borða eða á eitthvað annað viðlíka adventure. Af nógu er að taka á Íslandi í dag og þeir fáu Íslendingar sem eru ekki enskumælandi þurfa kannski bráðum að taka með sér túlk ef þeir ætla að bregða sér í verslunarleiðangur. Það sem meira er, þá einskorðast enskuvæðingin ekki við almenn fyrirtæki heldur má einnig sjá slíku bregða fyrir í listum og menningarstarfsemi þar sem markmiðið er að meikaða, fremur en að skapa list á íslenskum forsendum fyrir Íslendinga. Hið síðarnefnda er reyndar eitthvað sem útlendingum finnst oft forvitnilegra en hitt sem er alveg eins og það sem þeir sjá og heyra á heimaslóð.

Auðvitað er ekkert að því að fyrirtæki hafi það einfalda og skýra markmið að skila hagnaði. Í dag stendur fjöldi fyrirtækja á Íslandi frammi fyrir því að stór hluti viðskiptavinanna eru ferðamenn og til þeirra vilja þau ná með ráðum og dáð. Þau vilja njóta á meðan á nefinu stendur eins og kerlingin sagði en við þurfum að staldra við ef það á vera á kostnað tungumálsins. Það gerist ekki með því að eitthvert eitt fyrirtæki skipti um nafn eða að enskan taki yfir á merkingum á einni verslun, heldur með því að einn eltir annan í gróðavoninni, því dropinn holar steininn. En ef við fórnum sjálfri íslenskunni verður það ekki aftur tekið og þess vegna þurfum við öll að hlúa að henni, rækta hana og næra því hún er okkar dýrasta djásn.

Þjóðin sem fékk íslenskuna í vöggugjöf virðist nefnilega á stundum vera alveg meira en til í að láta hana flakka ef það gefur nægilega mikið í aðra hönd

Halldór

Frá degi til dags

Framfaraklúbburinn

Það var vel mætt á stofnfund Framfarafélags Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um helgina. Nafnið sækir fyrirmynd sína til dönsku og norsku Framfaraflokkanna og það kæmi ekki á óvart ef Sigmundur ætlaði sér með félaginu að sækja inn á sama markhóp og þeir, en hér er nánast óplægður akur fyrir vel dulbúna útlendingaandúð og þjóðernispópúlisma. Kosningasigur Framsóknar í borginni var einmitt unninn með slíku daðri. Framfarafélagið á annað sammerkt með danska flokknum en Mogens Glistrup, stofnandi flokksins, var dæmdur fyrir skattsvik í gegnum flókna fléttu félaga í hans eigu. Vondar fréttir fyrir Sigmund og aflandsfélagið hans.

Hagkvæmt en vitlaust

Stytting framhaldsskólans kom til tals á útskriftarathöfn MR um helgina en námsálag á nemendur skólans hefur aukist gríðarlega. Aðrir menntaskólar hafa farið þá leið að minnka lærdóminn samhliða styttingu framhaldsskólans, með tilheyrandi minni fróðleik og verri undirbúningi fyrir framhaldsmenntun. Þetta kallar Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hagkvæmt fyrir nemendur og vill sjá grunnskólann styttan með sama hætti. Þetta heitir að spara eyrinn en kasta krónunni því fyrir samfélagið eru hugvit og gáfur gulls ígildi. snaeros@frettabladid.is

Umboðssvik

Kári Stefánsson,
forstjóri Decode.

Í aðdraganda kosninga á hausti tjáði þjóðin skýrt þá skoðun sína að heilbrigðiskerfi landsins væri laskað og krafðist þess af Alþingi að það yrði endurreist á myndarlegan máta.

Áöldunum áður í Kína var litið svo á að keisarar stjórnuðu í umboði guðanna. Þegar fólkið í landinu fékk það á tilfinninguna að keisarinn hefði glatað umboðinu gerði það uppreisn. Ein slík átti sér stað í kringum 1850 og létu fimmtíu milljón manns lífið í henni.

Alþingi stjórnar Íslandi í umboði fólksins í landinu, sem er endurnýjað á fjögurra ára fresti. Alþingi framselur svo hluta af þessu valdi til ríkisstjórnar sem það getur þó tekið til baka án nokkurs fyrirvara. Ísland er lýðveldi og í lýðveldinu hvílir valdið hjá fólkinu, lýðnum. Á Íslandi veitir fólkið Alþingi heimild til þess að stjórna í sínu umboði. Þetta umboð er mismunandi skilyrt og fer það eftir því hvað var sagt í kosningabaráttunni bæði af kjósendum og frambjóðendum og hverju var lofað af þeim síðarnefndu. Í aðdraganda kosninga á hausti tjáði þjóðin skýrt þá skoðun sína að heilbrigðiskerfi landsins væri laskað og krafðist þess af Alþingi að það yrði endurreist á myndarlegan máta. Frambjóðendur allra flokka hétu því að verða við kröfunni.

Nú er ríkisstjórnin sem Alþingi bauð þjóðinni upp á eftir kosningar búin að leggja fram fimm ára áætlun ríkisfjármála sem sýnir fram á að hún ætli ekki að fara að kröfu þjóðarinnar um myndarlega endurreisn heilbrigðiskerfisins og þar með svíkja loforð sem frambjóðendur allra flokka veittu fyrir kosningar. Ef Alþingi samþykkir áætlunina væri um að ræða umboðssvik af þess hálfu.

Það er nokkuð ljóst að kjósendur, fólkið í landinu, veittu þeim umboð til þess að stjórna sem þeir höfðu ástæðu til þess að ætla að sæju til þess að heilbrigðiskerfið yrði endurreist. Umboð þeirra til þess að stjórna var skilyrt því. Þess vegna má leiða að því rök að ef Alþingi samþykkir áætlunina hafi það glatað umboðinu. Ef svo fer væri það í samræmi við hugmyndir okkar um lýðræði að rjúfa þing og efna til kosninga. Ef Alþingi gerir það ekki af sjálfsdáðum finnur þjóðin leið til þess að sannfæra kjörna fulltrúa sína um að það gerist víðar stórtíðindi en í Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Enska veikin

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson

Það er alveg satt sem aðstandendur Heimilissýningarinnar í Laugardal sögðu við Eirík Rögnvaldsson prófessor: „Hin undursamlega heimilissýning“ hljómar ekki nógu vel á íslensku – ekki heldur „Stórkostlega heimilissýningin“: „The amazing home show“ fangar betur það sem þeir ætla sér. Það er nefnilega erfitt að skruma á íslensku. Hún er svo gagnsæ. Við höfum þrátt fyrir allt svo sterka tilfinningu fyrir orðunum í móðurmálinu. Við skiljum enn þá hvernig mörg orðin í íslensku eru hugsuð og sett saman og það er erfiðara að hrúga saman merkingarlitlum lýsingarorðum en í alþjóðamálinu ensku.

Mölkúlulykt

Sjálfur hef ég aldrei alveg skilið þessar heimilissýningar; það er svolítið eins og að borga sig inn til að skoða IKEA eða klæða sig í sparifötin á sunnudegi til að fara með fjölskylduna í Húsasmiðjuna.

Mig rámar í að þessar sýningar hafi tíðkast í þá gömlu gráu daga þegar fátt var við að vera og ekkert æsilegra í boði en að fara og skoða mublur í Laugardalshöllinni, og kannski apagrey hímandi í búri og trúðar að fremja kúnstir til að laða okkur að, man það ekki; held þó að þetta sýni hversu auðginnt vesalings þjóðin var á sjöunda og áttunda áratugnum. Það tilheyrir einhverjum öðrum tíma og öðru samfélagi að ráfa af fúsum og frjálsum vilja um milli bása og fá bæklinga um eldhúsinnréttingar. Sennilega þess vegna sem aðstandendur gripu til þess örþrifaráðs að nota þessa amerískustu af öllum amerískum upphrópunum – amazing! Má vera að þeim hafi fundist mölkúlulykt af hinu íslenska heiti, eða öllu heldur að íslenskan næði ekki að breiða yfir mölkúlulyktina sem óneitanlega er af svona sýningu. Af umræðu að dæma um nafngiftina virðist nokkuð vafamál að það hafi tekist, en óneitanlega er hún svolítið spaugileg.

Í öfuga átt

Hið sama verður naumast sagt um hitt enskuheykslið í liðinni viku. Og þó. Það má brosa yfir því afreki hjá forvígismönnum Flugfélags Íslands að berja saman nafn sem ekki er nokkur vegur að muna eða skilja. Heitið er óvenju óþjált í munni og kauðsk orðaröð gerir að verkum að manni finnst eins og maður sé alltaf að segja nafnið í öfuga átt, sem óneitanlega er óþægilegt fyrir flugfélag.

Manni skilst að þarna hafi ráðið vilji til að koma til móts við gríðarlegan fjölda erlendra ferðamanna sem ku ferðast með þessu flugfélagi, sem annars flytur nær eingöngu opinbera starfsmenn milli landshluta að sinna skyldum sínum, og verðlagningin eftir því. Kannski að menn hafi séð fyrir sér túrista koma inn á til dæmis Akureyrarflugvöll og ekki vita sitt rjúkandi ráð út af þessu íslenska heiti, ekkert vita hvert þeir ættu að snúa sér, fyndu ekki flugfélagið, innskráningarborðið eða jafnvel flugvélina sjálfa.

Það er ekki gott að vita hvernig forstjórar hugsa. Kannski langaði þá bara að stýra fyrirtæki með ensku nafni – fannst það meira fullorðins, meira alvöru. Kannski finnst þeim sjálfum íslenskan hljóma torkennilega. En hafi það ekki verið tómt yfirvarp að hér þyrfti að koma til móts við útlendinga hefði einhver kannski getað bent viðkomandi á að málið mætti leysa með skammstöfunum þyki það óviðurkvæmilegur dónaskapur að hafa uppi íslensk heiti: FÍ, og svo gamla flotta merkið. Á ensku mætti svo hafa slagorðið: Fly with FI sem rímar skemmtilega. Jafnvel hefði mátt lengja nafn félagsins og kalla það Flugfélag Íslands og nágrennis, enda hefur félagið haldið uppi ferðum til Grænlands. Þá yrði skammstöfunin FÍN, sem væri aldeilis fínt; og á ensku yrði það borið fram sem fæn; kannski svolítið erfitt gagnvart spænsku- og frönskumælandi fólki og kynni að vekja ugg um að nú sé haldið í hinstu för, en það hlyti að vera hægt að leysa það einhvern veginn …

Aðalatriðið er að vilja tala íslensku. Það á að vera sjálfsagður metnaður hjá forsvarsfólki íslenskra fyrirtækja að nota íslensku, hugsa út frá íslenskunni, láta reyna á hana, hafa hana sem sitt daglega mál. Að sjálfsögðu notum við svo önnur mál þegar svo ber undir og fólk óskar þess til að geta talað við okkur sem jafningjar. Íslenskan er tungumál þessa þjóðarkrílis, hún er þráðurinn sem liggur gegnum aldirnar og tengir mannlíf hér og nú við mannlíf hér og þá. Slíkt er ómetanlegt. Stundum finnst manni að íslenskan hafi aldrei verið meira notuð en nú, aldrei á fjölbreytilegri hátt og við jafn fjölbreyttar aðstæður; en stundum heyrir maður líka fólk tala sem augljóslega hugsar á ensku, og það hljómar eins og tungumálið sé einhvern veginn að molna uppi í þessu fólki. Og maður verður svolítið uggandi um þessa sérvisku í heiminum; að tala þetta forna mál, þar sem orðin eru svo gegnsæ að það er naumast hægt að skruma nema grípa til enskunnar …

Uppsetning á Amazing home show.

Það er ekki gott að vita hvernig forstjórar hugsa. Kannski langaði þá bara að stýra fyrirtæki með ensku nafni – fannst það meira fullorðins, meira alvöru.

VIÐ KVEÐJUM
30-70%
AFSLÁTTUR
#LOKAHÓF #TAKKFYRIR #19ÁR #LAGERSALA
INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.
SPORT TO THE PEOPLE
INTERSPORT®

AFSLÁTTARKÓÐINN
SUMAR2017
FÁÐU 10.000 KR. AFSLÁTT
AF FERÐINNI ÞINNI

Almería — hálft fæði

Tilboðsverð

Arena Center ☆☆☆☆

FRÁ **51.900** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó með hálfu fæði . Verð frá 67.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 2. júní – 1 vika

Almería — hálft fæði

Tilboðsverð

Best Sabinal ☆☆☆☆

FRÁ **60.700** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 80.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 16. júní – 1 vika

Gran Canaria

Tilboðsverð

Corona Blanca ☆☆

FRÁ **46.900** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn. Verð frá 59.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 14. júní – 1 vika

Almería

6 MANNS

Tilboðsverð

Pierre Vacances ☆☆☆

FRÁ **53.700** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 4 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 79.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 23. júní – 1 vika

Almería — allt innifalið

Tilboðsverð

Mediterrano Park ☆☆☆☆

FRÁ **110.900** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **ALLT INNIFALIÐ**. Verð frá 136.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 30. júní – 1 vika

Gran Canaria — hálft fæði

Tilboðsverð

IFA Buenaventura ☆☆☆

FRÁ **85.700** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með hálfu fæði. Verð frá 90.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 16. ágúst – 1 vika

ALICANTE Verð frá **65.700 KR.** | **TENERIFE** Verð frá **71.700 KR.** fyrir 11 daga

Bókaðu núna, fleiri verðdæmi og brottfarir á www.sumarferdir.is

Innifalið í verði: Flug, flugvallaskattar, gisting, íslensk fararstjórn, ferðataska og handfarangur.

Almería | Mallorca | Tenerife | Albír | Benidorm | Gran Canaria

Fjölskyldudagar Sumarferða

Af því tilefni bjóðum við **10.000 kr.** afslátt á mann á völdum ferðum í sumar sem þú færð með því að setja inn afsláttarkóðann **SUMAR2017** við bókun á sumarferdir.is. Tilboðið hefst í dag 29. maí og lýkur 2. júní.

ÖLL VERÐ ERU MEÐ AFSLÁTTARKÓÐA **SUMAR2017**, ÞÚ ÞARFT AÐ SLÁ INN KÓÐANN TIL AÐ FÁ AFSLÁTTINN

Gran Canaria — 5 MANNS

Tilboðsverð

Montemar ☆☆

FRÁ **49.900** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 57.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 21. júní – 1 vika

Mallorca

Tilboðsverð

Vista Club ☆☆☆

FRÁ **60.800** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 88.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 8. júní – 11 nætur

Mallorca — 6 MANNS

Tilboðsverð

Solecito ☆☆☆

FRÁ **85.600** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 4 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 184.600 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 19. júní – 10 nætur

Gran Canaria

Tilboðsverð

Parque Cristobal ☆☆☆

FRÁ **65.900** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn. Verð frá 106.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 28. júní – 1 vika

Mallorca

Tilboðsverð

Vista Club ☆☆☆

FRÁ **75.400** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 111.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 29. júní – 11 nætur

Mallorca

Tilboðsverð

Ola Tomir ☆☆☆

FRÁ **123.200** KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli. Verð frá 152.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Brottför: 10. júlí – 10 nætur

SKOÐAÐU FLEIRI TILBOÐ Á
Sumarferdir.is
/sumar2017

SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

Wenger gerði Arsenal að bikarmeisturum í sjöunda sinn

Framtíð Wengers ræðst í vikunni Arsene Wenger stýrði Arsenal til 2-1 sigurs á Englandsmeisturum Chelsea í enska bikarúrslitaleiknum um helgina. Wenger gat ekki leynt gleði sinni í leikslok en hann hefur nú unnið flesta bikarmeistaratitla allra stjóra eða sjö. Celtic varð skoskur bikarmeistari um helgina, Dortmund varð þýskur bikarmeistari, Barcelona spænskur bikarmeistari og PSG vann franska bikarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Það eru allir að hjálpa mér

EM-draumurinn lifir enn hjá Söndru Maríu Jessen sem heimsækir Íslandsmeistara Stjörnunnar í kvöld með toppliðinu Þór/KA. „Fólk er rosalega mikið að bíða eftir því að við misstígum okkur," segir Sandra María.

FÓTBOLTI Sandra María Jessen varð fyrir miklu áfalli í byrjun mars þegar hún meiddist illa á hné í leik með íslenska landsliðinu í Algarve. Evrópumótið í Hollandi í sumar og tímabilið með Þór/KA var í hættu en Sandra María hefur nú með dugnaði og samviskusemi snúið aftur á völlinn.

Sandra hefur gefið stoðsendingu eða skorað mark í síðustu tveimur leikjum Þórs/KA og með því stimplað sig inn á ný. Nú tæpum þremur mánuðum eftir leikinn afrifaríka við Noreg er EM aftur inni í myndinni hjá þessari vösku Akureyrarmey.

„Það var rosalega skemmtilegt að koma inn á og skora. Það var líka mikilvægt upp á sjálfstraustið," sagði Sandra María um markið sitt.

Sandra María Jessen í leiknum við Noreg í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Framar vonum

„Staðan á mér er bara mjög góð. Þetta er bara framar vonum og það er mjög jákvætt að vera komin á völlinn. Þetta tekur smá tíma en verður betra og betra með hverjum leik," sagði Sandra María en hver er lykillinn að endurkomunni.

„Þetta er samspil af góðri sjúkraþjálfun og góðri umönnun utan vallar. Það eru líka allir að hjálpa mér. Stelpurnar í landsliðinu hjálpuðu mér úti og stelpurnar í Þór/KA hafa líka gert það hér heima. Þær vilja mér allar vel sem gefur mér rosalega mikið," sagði Sandra María. Gott gengi Þórs/KA hjálpar líka.

„Það er rosalega mikil hvatning að drífa sig að verða heil þegar stelpurnar eru að standa sig jafnvel og þær eru að gera núna. Það er ekkert sjálfsagt að vera partur af jafnflottu liði og þær eru. Það verður erfitt fyrir mig að komast inn í liðið aftur," sagði Sandra María létt.

„Ég er komin með eina stoðsendingu og eitt mark og það er ágæt tölfræði fyrir þessa leiki sem ég er búin að spila. Núna er bara að stefna á eitthvað hærra og gera enn þá betur. Með þessar stelpur í kringum mig á vellinum þá er það mögulegt," sagði Sandra María

Næst á dagskrá er hins vegar að hjálpa Þór/KA í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn. Þór/KA liðið hefur unnið sex fyrstu leiki sína og í kvöld heimsækir Þór/KA Íslandsmeistara Stjörnunnar í Garðabænum.

Óheppin eltir hana alltaf í Portúgal á EM-ári

Fyrir fjórum árum komu meiðsli í veg fyrir að Sandra María færi með á EM og aftur elti ólukkan hana í Portúgal í vetur. „Ég fór í þrjár ferðir til Portúgals veturinn fyrir EM 2013. Eina með A-landsliðinu, eina með U19 og svo með Þór/KA. Í síðustu ferðinni, sem var með U19, þá meiddi ég mig, teygði á krossbandinu og fékk beinmar. Ég var í spelku og ekki alveg klár þegar EM var síðast," segir Sandra sem meiddist aftur í landsleik í Portúgal í mars síðastliðnum. „Það að hafa tekið þátt í allri undankeppninni síðast og ekki vera með á EM var erfitt. Ég vona svo sannarlega að það verði ekki eins núna. Ég er samt tilbúin að taka því sem kemur og það er ekkert sjálfsagt að vera valin meðal þessara flottu stelpna sem eru bæði að spila í Pepsi-deildinni og úti," segir Sandra.

„Þetta er hörkuleikur. Þetta eru tvö frábær lið að mætast. Þetta eru bæði lið sem geta spilað boltanum vel en eru líka með flottar skyndisóknir og sterka vörn. Við þurfum að eiga okkar allra besta leik ef við ætlum að fara heim með þrjú stig," segir Sandra og það er engin pressa á toppliði deildarinnar.

Markmiðið er að komast á EM

„Við finnum ekki fyrir neinni pressu. Fólk er rosalega mikið að bíða eftir því að við misstígum okkur og það virkar bara sem hvatning fyrir okkur," segir Sandra en hvernig lítur EM-draumurinn út?

„Það er enn þá opið og að sjálfsögðu markmiðið mitt að komast með á EM. Ég þarf að vinna í einhverjum hlutum og ég er að gera það. Vonandi fæ ég að vera partur af hópnum sem fer með til Hollands, segir Sandra.

„Ef þetta gengur allt upp þá væri það frábært. Hingað til er ég rosalega stolt og sátt með okkar lið og líka hvernig landsliðið er að taka á öllum þessum meiðslum og mótlæti sem eru í gangi. Fólk er farið að styðja við okkur, bæði Þór/KA og landsliðið og þetta lítur því vel út," sagði Sandra.

ooj@frettabladid.is

Nýjast

Pepsi-deild karla

KA - Víkingur R. 2-2
1-0 Ásgeir Sigurgeirsson (46.), 2-0 Emil Sigvardsen Lyng (61.), 2-1 Vladimir Tufegdzic, víti (77.), 2-2 Alex Freyr Hilmarsson (90.+3)

ÍBV - ÍA 1-4
0-1 Arnar Már Guðjónsson (41.), 0-2 Þórður Þorsteinn Þórðarson (48.), 1-2 Pablo Punyed (50.), 1-3 Albert Hafsteinsson (85.), 1-4 Tryggvi Hrafn Haraldsson (90.+1).

Breiðablik - Víkingur Ó. 2-1
1-0 Arnþór Ari Atlason (13.), 2-0 Hrvoje Tokic (18.), 2-1 Kwame Quee (34.).

Fjölnir - Stjarnan 1-3
0-1 Guðjón Baldvinsson (4.), 0-2 Hólmbert Aron Friðjónsson 57.), 0-3 Hólmbert (62.), 1-3 Marcus Solberg (76.). 4 sigurleikir í röð hjá Garðbæingum með markatölunni 13-3.

Grindavík - Valur 1-0
1-0 Andri Rúnar Bjarnason (50.). Kominn með 5 mörk í deildinni, öll í sigurleikjum.

KR - FH 2-2
0-1 Kristján Flóki Finnbogason (42.), 1-1 Óskar Örn Hauksson (48.), 1-2 Atli Guðnason (67.), 2-2 Arnór Sveinn Aðalsteinss. (80.).

Efri		Neðri	
Stjarnan	13	ÍBV	7
Valur	10	FH	6
Grindavík	10	Breiðablik	6
KA	8	Víkingur R.	4
KR	7	ÍA	3
Fjölnir	7	Víkingur Ó.	3

Pepsi-deild kvenna

Fylkir - KR 1-3
0-1 Sigríður María S Sigurðardóttir (28.), 0-2 Hólmfríður Magnúsdóttir (31.), 1-2 Jesse Shugg (41.), 1-3 Hólmfríður (66.).

SARA BJÖRK FÉKK RAUTT SPJALD EN VANN TVÖFALT

Sara Björk Gunnarsdóttir og félagar í þýska liðinu Wolfsburg unnu tvöfalt á fyrsta tímabili íslensku landsliðskonunnar með liðinu. Wolfsburg vann 2-1sigur á Sand í bikarúrslitaleiknum um helgina en Sara náði ekki að klára leikinn því hún fékk sitt annað gula spjald á þriðju mínútu í uppbótartíma.

ANÍTA TRYGGÐI SIG INN Á HM

Aníta Hinriksdóttir er komin með lágmark á HM í frjálsum í London í ágúst eftir að hafa hlaupið á sínum öðrum besta tíma frá upphafi á alþjóðlegu móti í Hollandi. Aníta kom í mark í 800 metra hlaupi á 2:00,33 mín. en Íslandsmet hennar frá ÓL í Ríó er 2:00,14 mín.

TVÖ ÍSLENDINGALIÐ URÐU MEISTARAR UM HELGINA

Íslendingaliðin Kristianstad í Svíþjóð og Álaborg í Danmörku tryggðu sér um helgina meistaratitilinn í sínum löndum. Hjá Kristianstad spila Ólafur Guðmundsson, Gunnar Steinn Jónsson og Arnar Freyr Arnarsson en Aron Kristjánsson þjálfar lið Álaborgar og með liðinu spila Janus Daði Smárason, Arnór Atlason og Stefán Rafn Sigurmannsson. Þetta er þiðji meistaratitill Arons sem þjálfara í dönsku deildinni.

Í dag

13.50	Huddersf. - Reading	Sport
17.50	Stjarnan - Þór/KA	Sport

Pepsi-deild kvenna:

18.00	ÍBV - Breiðablik	Eyjar
18.00	Stjarnan - Þór/KA	Garðabær
19.15	Grindavík - FH	Grindavík
19.15	Haukar - Valur	Ásvellir

Fólk
Heimilið
MÁNUDAGUR 29. MAÍ 2017

Matreiðslubókahöfundurinn og ritstjórinn Nanna Rögnvaldardóttir hefur eldað á gasi í 20 ár. Hún gat ekki hugsað sér að skilja ítölsku gaseldavélina sína eftir þegar hún flutti í fyrra.

Eldhús →8

Þorvaldur segir jaft fagfólk sem almenning fara lofsamlegum orðum um Sous Vide frá Anova. MYND/EYÞÓR

Framúrstefnuleg og vinsæl eldhústæki

Hjá Elko fást eldhústæki í miklu úrvali. Anova Sous Vide eldunartækið er sérstaklega vinsælt. Með því er hægt að hægelda hráefni við hárnákvæmt hitastig. Í vikunni er svo von á framúrstefnulegum ísskápum með spjaldtölvu og myndavélum sem hafa ekki verið fáanlegir til þessa. →2

Framhald af forsíðu

Sous vide-tæknin byggir á því að hráefni sé eldað í vatnsbaði í lofttæmdum umbúðum. Hægt er að halda hitastiginu hárnákvæmu sem skilar alltaf jafnri eldun. „Þetta voru upphaflega pottar en nú í seinni tíð er vinsælla að nota stauta sem eru settir ofan í potta og jafnvel plastílát. Þetta eru hitarar sem dæla átta lítrum á mínútu og halda þannig jöfnu hitastigi. Notandi getur til dæmis valið að elda nautakjöt við 52 gráður en þannig er tryggt að það verði ljósrautt alveg í gegn. Ef hann vill fá steikina „medium rare“ þá verður hún „medium rare,“ en nákvæmar leiðbeiningar um viðeigandi stillingar fylgja,“ útskýrir Þorvaldur Þorvaldsson, vörustjóri ELKO.

Neðra hólfið hægra megin er með fjögur forstillt hitastig og hægt að nota sem kæli, frysti eða 0-2° ferskvörusvæði, eftir því sem hentar.

Til eru tvær gerðir af Anova Sous Vide-stautum. Annars vegar 800 watta stautar sem eru fyrir sjö til átta manns og 900 watta stautar sem eru fyrir tíu til tólf. „Ódýrari gerðin en eingöngu með bluetooth-tengingu og er hægt að stjórna henni eins langt og tengingin nær. Dýrari gerðin er með wifi-tengingu og er hægt að stjórna henni hvaðan sem er úr heiminum. Anova-appið er einfaldlega sett upp í símanum en þaðan er hægt að stjórna tækinu að vild,“ segir Þorvaldur.

Anova skarar fram úr

Til eru margir Sous Vide-framleiðendur en Anova-stautarnir skara að sögn Þorvaldar fram úr og fá lofsamlega dóma hjá jafnt almenningi sem fagfólki.

„Tækjunum fylgir app en í því er að finna yfir 1.000 uppskriftir og kennslumyndbönd auk ítarlegra notkunarleiðbeininga, það býður enginn betur.“

Aðspurður segir Þorvaldur marga kjósa að krydda hráefnið eftir á og það er t.d. alveg kjörið að gera það þegar verið er að loka steikinni. „Þú skellir henni einfaldlega á grillpönnu, rétt til að fá fallegan lit á yfirborðið eða notar lítinn gasbrennara sem virkar einnig mjög vel.“

Þorvaldur segir því nær engin takmörk sett hvað sé hægt að elda með Sous vide. „Það getur verið kjöt, fiskur, grænmeti, egg, korn, grjón, pasta og jafnvel eftirréttir og það geta allir orðið meistarakokkar með Anova.“

Með Android /iOS appi er hægt að stjórna skápnum og skoða inn í hann til dæmis úti í búð en til þess eru notaðar innbyggðar myndavélar.

> Tækjunum fylgir app en í því er að finna yfir 1.000 uppskriftir og kennslumyndbönd auk ítarlegra notkunarleiðbeininga, það býður enginn betur.

Tvöfaldi ísskápurinn er með vatns- og klakavél.

Bæði einfaldi og tvöfaldi ísskápurinn eru með 21,5” spjaldtölvu en hana má samtengja við síma eða aðrar spjaldtölvur eða nota sjálfstætt til ýmissa verka.

Ísskápar framtíðarinnar

Samsung Family Hub ísskáparnir komu á markað ytra í fyrra og hefur verið beðið hér á landi með mikilli eftirvæntingu. Um er að ræða bæði einfaldan og tvöfaldan skáp.

„Sá tvöfaldi er 550 lítra með vatns- og klakavél. Hann er búinn 21,5“ spjaldtölvu en hana má samtengja við síma eða aðrar spjaldtölvur eða nota sjálfstætt til ýmissa verka. Þar er til dæmis hægt að hafa allar mataruppskriftir við höndina, horfa á sjónvarp, hlusta á útvarp eða spila tónlist af Spotify. „Þú getur skrifað minnismiða eða sent áminningar úr síma sem birtast á skjánum. Þarna er líka fjölskyldudagatal sem hægt er að tengja við Google eða Outlook með litaaðgreiningu fyrir hvern fjölskyldumeðlim. Með Android / iOS appi getur þú svo stjórnað skápnum og skoðað inn í hann þegar þú ert úti í búð að kaupa inn með aðstoð innbyggðar myndavéla. Neðra hólfið hægra megin er svo með fjögur forstillt hitastig og hægt að nota það sem kæli, frysti eða sem 0-2 gráðu ferskvörusvæði, allt eftir því sem hentar hverju sinni,“ útskýrir Þorvaldur.

> Sá tvöfaldi er 550 lítra með vatns og klakavél. Hann er búinn 21,5“ spjaldtölvu

Einfaldi skápurinn er 350 lítra. Hann er líka búinn 21,5“ spjaldtölvu með sömu möguleikum og á þeim tvöfalda. Hann er með Chef Zone-hillu, Twin Cooling Plus aðskilin kælikerfi, Metal Cooling og handvirka klakavél í frystinum. Báðir eru skáparnir með kolalausan mótor sem er með tíu ára ábyrgð.

Tækjunum fylgir app en í því er að finna yfir 1.000 uppskriftir og kennslumyndbönd auk ítarlegra notkunarleiðbeininga

Eldhúsvaskar og -tæki

SCHÜTTE
OULIN

Oulin Florens eldhústæki
10.990

Schutte Hoga eldhústæki
11.590

Schutte Falcon eldhústæki
7.790

Oulin Stálvaskur 0304
2 hólf 62x47cm 0,8mm*
17.890

Oulin Stálvaskur F201
2 hólf 87x49 1,2mm*
39.990

Oulin stálvaskur F302A
1 hólf 59x53cm 1,2mm*
19.790

Oulin Stálvaskur F301A
1 hólf 50x45cm 1,2mm*
18.890

Oulin Stálvaskur FTR101R
89x51cm 1,2mm*
25.890

reddot winner
iF product design award

* þykkt á stáli

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.ls, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.ls, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.ls, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.ls, s. 512 5433

hansgrohe

Axor Starck hannað
af Philippe Starck.
Tækið er með
útdraganlegum barka.

Í fremstu röð

hönnun - þróun - þægindi

Frá árinu 1901 hefur fyrirtækið Hansgrohe verið leiðandi í þróun og hönnun blöndunartækja. Fyrirtækið er fjölskyldufyrirtæki og frá upphafi hefur það verið með aðsetur í Schiltach í Svartaskógi. Fyrirtækið var stofnað af Hans Grohe og hefur ávallt verið stýrt af Grohe fjölskyldunni. Leiðarljós þess hefur verið að standa í fremstu röð á heimsvísu. Vinnulag og framtíðarsýn Hansgrohe hefur skilað fyrirtækinu ótal verðlaunum um árabil. Má þar nefna að Hansgrohe er í tíunda sæti á lista **iF** (International Forum Design) sem eru ein virtustu hönnunar- og tækniverðlaun sem hægt er að hlotnast. Hið leiðandi starf Hansgrohe skilar sér því ávallt til neytanda í framúrskarandi hönnun og gæðum fyrir hagstætt verð.

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Með allt á hreinu í 95 ár

Draghálsi 14 -16 · Sími 4 12 12 00 · isleifur.is

Bamix galdrar í eldhúsinu

Bamix-töfrasprotinn hefur verið framleiddur í Sviss í meira en 60 ár. Hann olli byltingu í eldhúsinu þegar hann kom á markað enda fyrirferðarlítið tæki sem ræður við ótal verkefni. Það var því engin tilviljun að nafnið töfrasproti festist við Bamix strax á upphafsárunum.

Skömmu eftir að Bamix kom fyrst á markað á Íslandi birtist grein í Vikunni þar sem fjallað var um þetta undratæki: dverg-hrærivél. Þetta hrærivélarígildi á myndinni er sannkallað hókus-pókus-verkfæri, því að það framkvæmir flest af því, sem venjuleg hrærivél gerir. En það þarf að halda því með hendinni niðri í ílátinu, sem hrært er í. En það er ekki svo þreytandi, þegar þess er gætt, hvað það hrærir fljótt. Fjórir mismunandi spaðar og hnífar fylgja, og þeir hræra kökudeig, þeyta egg, þeyta mjólkurdrykki, merja kartöflur, mala kaffi og möndlur og ótalmargt annað," sagði í Vikunni 3. tölublaði árið 1960.

Vitað er að margir Bamix-sprotar sem keyptir voru á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar eru enn í notkun í íslenskum eldhúsum. Hann ræður við flest verkefni enda er snúningshraðinn allt að 18.000 snúningar á mínútu. Hann gerir súpur og sósur flauelsmjúkar og kekkjalausar. Það er einfalt að gera afbragðs pastasósu frá grunni og mauka hana síðan í töfrasprotanum. Þá er skemmtilegt að sjóða grænmeti og mauka í holla og næringarríka súpu. Eða gera súpu úr hráu grænmeti beint í könnunni sem fylgir með. Einnig er einfalt að gera heilsudrykki með töfrasprotanum eða vegan majónes og hann er frábær í bernaise-sósuna. Hann er einnig góður félagi við alls kyns bakstur. Ekki er verra að einfalt er að þrífa hann. Bamix leggur mikla áherslu á að töfrasprotinn sé auðveldur í notkun, léttur en samt öflugur. Hann er sannkallað galdratæki.

Nú eru komnar tvær nýjar línur frá Bamix. BabyLine sem miðar að þörfum foreldra sem kjósa að útbúa sinn eigin barnamat og ColorLine. Verslunin Kokka hefur fengið báðar línurnar í sölu og nú er hægt að velja um 12 mismunandi liti.

Hægt er að skoða litina og fá nánari upplýsingar í Kokku á Laugaveginum eða í vefverslunni www.kokka.is

Áttunda áratugnum hent út

Appelsínugulir og brúnir tónar áttunda áratugarins réðu ríkjum í eldhúsi Sigríðar Aðils Magnúsdóttur og Halldórs Hauks Sigurðarsonar. Þau tóku það rækilega í gegn.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is

Við keyptum íbúðina árið 2013. Meðan við vorum að skoða fleiri hús og leita, talaði ég alltaf um hana sem „íbúðina með ljóta eldhúsinu". Það stóð alltaf til að taka það í gegn," segir Sigríður Aðils Magnúsdóttir en hún og Halldór Haukur Sigurðsson umbreyttu eldhúsinu hjá sér í vor.

Fyrir var forláta viðarinnrétting frá árinu 1975 og brúnir og appelsínugulir tónar allsráðandi. Sigríður segir innréttinguna þó ekki hafa kveikt með þeim neina nostalgíu.

„Nei, ég get nú ekki sagt það. Auðvitað var þetta svakalega flott á sínum tíma. Þegar við rifum burt búr, sem var þar sem ofninn og ísskápurinn er núna, kom einnig í ljós veggfóður með appelsínugulu munstri. Borðplöturnar voru appelsínugular og gólfdúkurinn brúnn og appelsínugulur. Það var kominn tími á þetta. Við vorum reyndar ekki alveg sammála hvað ætti að koma í staðinn. Manninn minn langaði í hvíta og slétta háglans innréttingu en mig langaði í rómantískari stíl. Við erum með panel í loftunum sem við hvítuðum. Þessi innrétting úr Ikea varð fyrir valinu og féll vel að," segir Sigríður.

Framkvæmdirnar hófust í febrúar og til að byrja með átti einungis að rífa burt búrið og ljúka verkinu í haust. „Við vorum lengi að hafa okkur í að byrja á þessu enda talsverð framkvæmd. Meðal annars þurfti að færa rafmagnstöflu og fleira. Þegar hafist var handa varð þó ekki aftur snúið. Gamla innréttingin var rifin út um miðjan febrúar og við vorum án eldhúss í tvo mánuði. Við grilluðum því ansi oft. Ofninn komst reyndar fljótlega í gagnið og þá voru frosnar pitsur oft á matseðlinum. Meira að segja krakkarnir voru komnir með nóg af þeim," segir Sigríður og er himinlifandi með breytingarnar. „Þetta er allt annað líf. Það vantar reyndar enn nokkrar höldur og einnig vantar gardínur. Það þarf að stilla skápana og eins stefnum við á að setja galvaniserað ál í gluggasylluna og rækta kryddjurtir í glugganum. Við settum hita í gólfið og ákváðum svo að lakka bara yfir flotið. Það er bæði fallegt og þægilegt að þrífa það."

> **Þegar við rifum burt búr, sem var þar sem ofninn og ísskápurinn er núna, kom einnig í ljós veggfóður með appelsínugulu munstri. Borðplöturnar voru appelsínugular og gólfdúkurinn brúnn og appelsínugulur.**

Sigríður Aðils Magnúsdóttir kennari umbylti eldhúsinu.

Áttundi áratugurinn í öllu sínu veldi, brúnum og appelsínugulum tónum. MYND/SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR

Umhverfisvænsta eldhúsið okkar

- endurvinnsla með stíl

KUNGSBACKA eldhúsframhliðarnar eru úr endurunnum FSC® vottuðum við með plastþynnu sem gerð er úr endurnýttum plastflöskum. Í einni 40x80 cm KUNGSBACKA eldhúshurð eru 25 hálfslítra plastflöskur. Kynntu þér umhverfisvænt eldhús á góðu verði!

© Inter IKEA Systems B.V. 2017

247.805,-

Nýtt METOD/KUNGSBACKA eldhús

Heimilistæki seld sér

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

Eyjan er klædd með vel veðruðu girðingatimbri. Borðplötuna steyptu þau sjálf og framhliðarnar á innréttingunni máluðu þau úti í garði. Svörtu hilluna smíðaði Peter úr byggingatimbri. MYND/EYÞÓR

Ýr og Peter í nýja eldhúsinu. Með þeim á myndinni er Freyja en Lúkas og Markús voru úti á trampolíninu. MYND/EYÞÓR

Krítarveggurinn er vinsæll hjá öllum fjölskyldumeðlimum. Málninguna fengu þau í Bauhaus.

Steyptu sjálf borðplötuna

Hjónin Ýr Frisbæk og Peter Farkas gerðu upp eldhúsið sitt síðastliðinn vetur. Þau gerðu margt sjálf og fundu nýjar og hagkvæmar lausnir.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is

Ýr og Peter fóru skynsamlegu leiðina og tóku sér nægan tíma til að viða að sér efniviði. „Við byrjuðum á því að kaupa frontana á 70 prósenta afslætti í IKEA í febrúar 2016. Þeir voru úr gegnheilli furu og við notuðum sumarið til að spreymála þá hvíta," segir Ýr. Málningarvinnan fór fram úti í garði en stofan var síðan undirlögð meðan framhliðar eldhússkápanna þornuðu.

Næstu mánuði söfnuðu þau í eldhúsið, keyptu heimilistæki til dæmis á útsölum og geymdu. Þau nýttu sér vefsíður og keyptu meðal annars handsmíðaðar pottjárnshöldur af ebay.

„Þetta sumar áskotnaðist okkur töluvert af gömlu girðingatimbri, vel veðruðu. Það þrifum við með háþrýstidælu og létum liggja í klórbaði til að drepa allt kvikt. Þegar viðurinn var orðinn þurr notuðum við white-wash aðferð til að hvítta viðinn," lýsir Ýr en viðinn notuðu þau til að klæða eldhúseyjuna.

Í desember var hafist handa við sjálft eldhúsið en alla skápa og innvols keyptu þau í IKEA.

„Mesta vinnan lá í borðplötunni sem við steyptum á staðnum, beint ofan á innréttinguna," lýsir Ýr en Peter er byggingaverkfræðingur og sá til þess að burðarþol í plötunni væri rétt, svo í henni er bæði glertrefjanet og auka járnabinding til styrkingar„Þetta var mikil nákvæmnisvinna og slípivinnan var algert puð en vel þess virði."

Þegar eldhúsið var komið upp var pláss fyrir hillur á einum veggnum og hugmyndin vaknaði að setja þar hillur með veðruðu útliti. „Peter keypti venjulegt byggingatimbur og fræsaði allan mjúka viðinn upp úr þeim svo þær fengju gamalt útlit. Svo máluðum við þær svartar."

Flísarnar á veggnum keyptu þau í Flísabúðinni á Höfða og sáu sjálf um að leggja þær, gráa litinn á veggnum fengu þau í Slippfélaginu. „Málninguna fyrir krítarvegginn keyptum við í Bauhaus en þessi veggur er mikið notaður af öllum fjölskyldumeðlimum," segir Ýr glaðlega.

Þau langaði mikið í hækkanlega barstóla sem gætu hentað bæði fyrir börn og fullorðna. Stólana pöntuðu þau af ebay frá Kína og fengu senda upp að dyrum fimm dögum síðar.

ELDHÚSVASKAR OG BLÖNDUNARTÆKI Í MIKLU ÚRVALI

Tengi býður glæsilegt úrval af eldhúsvöskum og blöndunartækjum frá gæðamerkjum á borð við **Mora, Intra og Vola.**

Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi

Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

TENGI

Fasteignir.is

22. TBL. MÁNUDAGUR 29. MAÍ 2017

VÍSIR.IS FRÉTTABLAÐIÐ

LANDMARK
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900 • landmark.is
Landmark leiðir þig heim!
Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.

Sigurður Samúelsson – Löggiltur fasteignasali – Sími 896 2312
Sveinn Eyland – Löggiltur fasteignasali – Sími 690 0820
Kristján Ólafsson – Hrl. Löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen – Sölustjóri – Sími 770 0309
Eggert Mariuson – Aðstoðarmaður fasteignasala – Sími 690 1472
Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir – skjalagerð
Benedikt Ólafsson – Aðstoðarmaður fasteignasala – Sími 661 7788
Nadia Katrín – Sölufulltrúi – Sími 692 5002
Helga Snorradóttir – Skjalavinnsla
Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir – Lögfræðingur / löggiltur fasteignasali – Sími 895 7784
Ingibjörg Agnes Jónsdóttir – Sölufulltrúi – Sími 897 6717
Jóhanna Gustavsdóttir – Sölufulltrúi – Sími 698 9470

Víðimelur 76 - 34,9 m

Opið hús mánudaginn 29. maí kl. 18:00 - 18:30

- *Eignin er skráð skv. ÞÍ 56,5 fm*
- *2 rúmgóð svefnherbergi.*
- *Endurnýjað eldhús*
- *Endurnýjað baðherbergi*
- *Þvottahús og geymsla sömu hæðar*
- *Stór afgirt lóð*
- *Eignin skiptist í : Forstofu, hol, eldhús, stofu, 2 svefnherb., baðherb. og geymslu.*
- *Sameiginlegt þvottahús og þaðan útgengi í stóran og gróinn garð.*

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali +354 695 8905
elin@islenskafasteignasalan.is

Íslenska fasteignasalan
Hlíðarsmári 12 • 201 Kópavogur
+354 510 3000
sala@islenskafasteignasalan.is

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
- Sími: 588 5530
- berg@berg.is - www.berg.is
- GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is

Þakíbúð við Friggjarbrunn

Fasteignasalan Valhöll hefur í einkasölu glæsilega 170 fm þakíbúð við Friggjarbrunn 51 í Úlfarsárdal.

Friggjarbrunnur 51 er tíu íbúða fjölbýlishús með opinni bílageymslu. Húsið er á glæsilegum útsýnisstað og er frábært útsýni úr flestum íbúðum.

Íbúðin sem um ræðir er 170 fm þakíbúð sem er eina íbúðin á efstu hæð hússins. Svalirnar eru rúmlega 100 fm og þaðan er útsýni yfir Reykjavík út á sundin, Esjuna og víðar.

Íbúðin skiptist í þrjú til fjögur herbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús og stórar stofur. Íbúðin er fullbúin með gólfefnum. Tvö bílastæði í opinni bílageymslu fylgja eigninni.

Úlfarsárdalur er nýjasta hverfi borgarinnar. Eitt af einkennum hverfisins er mikil nánd við náttúruna og í göngufæri við hverfið eru náttúruperlur eins og Úlfarsfellið, Reynisvatn, Hafravatn og Hólmsheiðin. Hverfið státar einnig af metnaðarfullu starfi; leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili, öflugri félagsmiðstöð og íþróttafélaginu Fram.

Gólfefni, innréttingar, hurðir og skápar eru allt mjög vandað og kemur frá Parka.

Íbúðin er 170 fm á efstu hæð. 100 fm svalir fylgja íbúðinni og þaðan er útsýni yfir Reykjavík.

Allar uppl. um eignirnar veita sölumenn Valhallar og Heiðar Friðjónsson lögg. fast í s:693-3356 eða á heidar@valholl.is.

heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson – lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson – lögg. fasteignasali
Guðbjörg G. Blöndal – lögg. fasteignasali
Jón Bergsson – hdl. og lögg. fasteignasali
Brynjólfur Snorrason
Gunnlaugur A. Björnsson
Ásdís Írena Sigurðardóttir
Hafdís Una Guðnýjardóttir – lögfræðingur
Finndu okkur á Facebook

Einstakt einbýlishús við Bergstaðastræti.

Stórglæsilegt um 404 fm einbýlishús á frábærum stað í Þingholtunum. Húsið er á þrem hæðum og stendur á sérlega fallegri um 800 fm lóð. Skipulag hússins er sérlega gott og býður uppá ýmsa möguleika. Á jarðhæð eru fjögur herbergi/stofur, á aðalhæð eru þrjár stórar stofur og á efri hæð stofa og þrjú herbergi. Margir inngangar eru í húsið og auðvelt að hafa séríbúð á jarðhæð og/eða á efrihæð. Húsið hefur verið töluvert mikið endurnýjað að utan sl. ár. **Verð 230 millj.**

Frekari upplýsingar um eignina og ástand hennar veitir Finnbogi Hilmarsson, finnbogi@heimili.is og sími 895-1098.

Þrastarhöfði – falleg 3ja herbergja.
Texti: Vönduð og vel skipulögð 100 fm útsýnisíbúð á 3. hæð með sérinngangi. Gott skipulag, vandaðar innréttingar og gólfefni ásamt miklu útsýni yfir borgina og Snæfellsnes. Tvo góð svefnherbergi ásamt vinnuherbergi. **V. 43,9 m.**
Upplýsingar veitir Bogi 699-3444

Laufrimi – vel skipulögð 2ja.
Texti: Vönduð 70 fm útsýnisíbúð á 3. hæð með sérinngangi. Rúmgóð vel skipulögð, vestursvalir með góðu útsýni . Parket og flísar á gólfum. **V. 31,9 m.**
Nánari upplýsingar veitir Bogi 699-3444

Hraunbær 164 – 2ja herbergja. Opið hús.
Góð um 57 fm. íbúð á 1. hæð í grónu hverfi. Björt stofa og eldhús, gott svefnherbergi með skápum, Þvottahús og geymsla á hæð. Sameiginlegur garður með leiktækjum. Sér bílastæði.
Opið hús á morgun Þriðjudag frá kl. 17:15 og 17:45.
Frekari upplýsingar veitir Gunnlaugur 617- 5161.

Seilugrandi – góð 3ja með bílageymslu.
Vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi af svalagangi. Tvö rúmgóð herbergi og björt stofa með svölum í vestur. Opin og björt íbúð. Merkt stæði í bílageymslu fylgir. Góð staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu. **Verð 39,9 millj.**
Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

520 9595

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur

Sigurður Fasteignasali	Hafdís Sölustjóri	Árni Ólafur Fasteignasali	Dórothea Fasteignasali	Þorsteinn Fasteignasali	Jóhanna Kristín Fasteignasali	Bjarni Sölufulltrúi	Berglind Fasteignasali	Þóra Fasteignasali	Þorgeir Fasteignasali	Sigríður Fasteignasali	Garðar Fasteignasali	Halla Fasteignasali	Alexander Sölufulltrúi	Hrönn Sölufulltrúi
898 6106	820 2222	893 4416	898 3326	694 4700	698 7695	895 9120	694 4000	822 2225	696 6580	699 4610	899 8811	659 4044	695 7700	692 3344

Naustabryggja 27
110 Reykjavík

VERÐ: 52.900.000





OPIÐ HÚS mánudaginn 29. maí kl 17.30-18.00

Herbergi: 4 **Stærð:** 117,0 m²

Glæsilega penthouseíbúð með mikilli lofthæð og stæði í lokaðri bílageymslu í bryggjuhverfi Grafarvogs. Eignin er á 2 hæðum (efstu hæð) með tvennum svölum og frábæru útsýni út á sjó. Fallegar sérsmíðaðar innréttingar, gegnheilt parket, granít á borðum og innfelld lýsing. Íbúðin er nýmáluð að innan. Örstutt út í náttúruna og fallegar gönguleiðir við sjóinn. Þetta er íbúð sem hefur verið mikið lagt í og er íbúðin stílhrein og falleg. Eign fyrir fagurkera. Íbúðin er í dag 4ra herbergja en samkvæmt teikningu er gert ráð fyrir 3 svefnherbergjum og mætti því hæglega fá 3ja svefnherbergið ef vilji er til þess. Sjón er sögu ríkari.
Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222

Hátún 8
105 Reykjavík

40.900.000





OPIÐ HÚS þriðjudaginn 30 mai kl 17.30-18.00

Herbergi: 4 **Stærð:** 89,2 m²

Vel skipulögð íbúð á 2 hæð í lyftuhúsi á þessum eftirsóttastað miðsvæðis í borginni. Um er að ræða íbúð í einni af Sigvalda-blokkunum vinsælu. Húsið státar af einum af aðalsmerkjum Sigvalda en það hefur þá sérstöðu að allar íbúðir eru með glugga í þrjár áttir og eykur það á gæði íbúðarinnar. Rafstýrð útihurð við aðalinngang. Íbúðin er með þremur svefnherbergjum og rúmgóðri stofu.
Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222

Skúlagata 44
101 Reykjavík

TIL LEIGU

PENTHOUSE TIL LEIGU, DOWN TOWN REYKJAVÍK!

Herbergi: 3-4 Stærði: 1515 m²

TIL LEIGU 151,5 m penthouse 6 herb., íbúð á tveimur hæðum, 4 svefnherb., 2 baðherb., þvottaherb., og aðalrými með eldhúsi, borðstofu, stofu og tvennar suður-svalir. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:
Þóra fasteignasali í síma **822 2225** og/eða
Sigurður fasteignaasli í síma **898 6106**

Sandakur 8
210 Garðabæ

99.900.000

OPIÐ HÚS mánudaginn 29. maí kl. 17:30-18:00

Herbergi: 4-5 Stærð: 242,6 m²

Einstaklega vandað og vel skipulagt endaraðhús á tveimur hæðum með rúmgóðu og opnu rými á aðalhæð þar sem er eldhús, borðstofa, stofa, gestasnyrting og geymsla. Á efri hæð er hjónaherbergi m/fataherbergi og sérbaðherbergi, 2 barna-herbergi og annað baðherbergi, auk sjónvarpshols og þvottaherbergis. Tvennar svalir. **Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 698 7695**

Holtsvegur 33
210 Garðabæ

44.500.000



OPIÐ HÚS mánudaginn 29. maí kl. 17:30-18:00

Herbergi: 2 Stærð: 98,3 m²

Falleg útsýnisíbúð á fjórðu hæð í góðu lyftuhúsi í Urriðaholti Garðabæjar. Um er að ræða 2ja herbergja íbúð skráð 83,3fm að stærð og að auki er geymsla sem er skráð 15fm. Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir. Eignin skiptist í svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu, þvottahús og geymslu. Um er að ræða fallega íbúð með stórkostlegu útsýni. **Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

Vesturhólar 5
111 Reykjavík

59.900.000

OPIÐ HÚS mánudaginn 29. maí kl. 18:30-19:00

Herbergi: 4-7 Stærð: 210,4 m²

Einbýlishús á 3 pöllum. Komið inn á aðalhæð þar sem er eldhús, rúmgott hol þar sem áður var herbergi), baðherbergi m/tengi f/þvottavél/þurrkara og 3 herbergi. Á efsta palli er stofa og borðstofa. Í kjallara er sérinngangur, herbergi, lítið baðherbergi m/sturtu og geymsla undir stiga. Eikarparket á stofum. Frábært útsýni yfir borgina.
Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 698 7695

Holtsvegur 37
210 Garðabær

69.900.000

PENT-HOUSE



OPIÐ HÚS mánudaginn 29. maí kl.17.30-18.00

Herbergi: 3 Stærð: 100 m² 2 x stæði í lokaðri bílageymslu.

Stórglæsileg penthouse íbúð í nýju glæsilegu hverfi við Urriða-holsvatn. Íbúðin er með stórum þaksvölum á tvo vegu við íbúðina. Í eigninni eru tvö svenfherb. og baðherbergi m/sturtu og þvotta aðstöðu. Stórkoslegt útsýni. Vandaðar innréttingar frá Axis og Quarts steinn á borðum.

Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000

Álakvísl 67
110 Reykjavík

49.900.000

OPIÐ HÚS mánudaginn 29. maí kl. 18:00-18:30

Stærð: 135,3 m²

Fallegt 4-5 herb raðhús á 2 hæðum auk rislofts (ekki inni í fm fjölda) með tveimur góðum þakgluggum, húsinu tilheyrir opið bílskúrsrými í lokuðu sameignlegu bílastæðahúsi. Eignin er innréttuð nýlegum hvítum innréttingum, hellulögð afgirt verönd í suður. Einstaklega gott fjölskyldduhús þar sem hver fm er vel nýttur.
Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225

Nýbýlavegur 58
200 Kópavogi

64.900.000

OPIÐ HÚS mánudaginn 29. maí kl. 18:00-18:30

Herbergi: 5 Stærð: 176,8 m²

Fasteignasalan TORG kynnir: Fallega Sérhæð með bílskúr og aukaíbúð við Nýbýlaveg í Kópavogi. Eigninni fylgir stór svalagarður í suður átt og er fallegt útsýni frá stofu. Stutt í frábærar gönguleiðir.
Upplýsingar veitir Garðar Hólm fasteignasali í gsm: 899 8811

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2014 2016 Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

Klapparhlíð 26 - Mosfellsbæ. 3ja herbergja með sérinngangi.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 18.00
Virkilega falleg 83,7 fm. íbúð á jarðhæð að meðt. sér geymslu við Klapparhlíð. Íbúðin er með sérinngangi og stórri afgirtri og skjólsælli viðarverönd til suðurs. Björt stofa með útgengi á verönd. Opið eldhús með mahogny innréttingum og tvö góð herbergi, bæði með skápum. Útsýnis nýtur úr stofu að borginni.

Góð staðsetning. Stutt er í barnaskóla, leikskóla, sundlaug, menntaskóla, World Class og alla aðra þjónustu.

Verð 38,9 millj.

Aflagrandi 3 – sérinngangur

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45
Stórglæsileg, björt og vel skipulögð 137,3 fm. íbúð með sérinngangi í 6 íbúða húsi auk innbyggðs 20,0 fm. bílskúrs á frábærum stað í vesturbænum. Eignin, sem er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt skiptist m.a. í glæsilegar stofur með rúmgóðum svölum til suðvesturs, mjög vandað baðherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi innaf, tvö barnaherbergi, eldhús og sér þvottaherbergi. Allt að 4,0 metra lofthæð er í eigninni.

Sjón er sögu ríkari.

Verð 74,9 milljónir.

Hverfisgata 112. 3ja herbergja ásamt herbergi í kjallara.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45
Góð 89,0 fm. íbúð á 2. hæð, þar af 15,0 fm. herbergi í kjallara við Hverfisgötu.

Aðeins þrjár íbúðir sem deila sameign. Nýlega er búið að skipta um glugga íbúðar á suðurhlið og í herbergi í kjallara. Baðherbergi var endurnýjað árið 2016. Útgengi er í bakgarð í gegnum sameign í kjallara.

Að sögn seljanda eru gluggar sem snúa til norðurs (að götu) sérstaklega hljóðeinangrandi.

Verð 39,9 millj.

Rauðalækur 9. 3ja herbergja íbúð

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45
Falleg 88,8 fm. íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi á þessum eftirsótta stað. Búið er að endurnýjað baðherbergi og öll gólfefni íbúðar. Eldhús með fallegri upprunalegri innréttingu. Björt stofa með gluggum á þrjár hliðar. Tvö herbergi með gluggum til suðurs. Sér geymsla á jarðhæð.

Frábær staðsetning á rólegum stað en stutt frá miðborginni.

Verð 38,9 millj.

Miðtún 28. Einbýlishús.

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45
Vel skipulagt 196,0 fm. einbýlishús á þremur hæðum auk 22,4 fm. bílskúr. Mögulegt væri að gera aukaíbúð í kjallara. Húsið hefur verið endurnýjað að hluta. Baðherbergi á aðalhæð hefur verið stækkað og endurnýjað. Samliggjandi rúmgóðar stofur. Rúmgott sjónvarpshol. Stærstur hluti lóðar er til suðurs með tyrfðri flöt, fallegum gróðri og stórri og skjólsælli viðarverönd.

Frábær staðsetning þaðan sem stutt er í alla verslun og þjónustu. Miðbærinn í göngufæri.

Verð 64,9 millj.

Tröllakór 5 - Kópavogi. 3ja herbergja – sér verönd.

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45
Virkilega falleg 107,9 fm. íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi við opið svæði.

Íbúðin er með sérinngangi af svölum, sem eru girtar af með glervegg. Rúmgóð stofa. Eldhús með fallegum innréttingum úr hnotu. Tvö stór herbergi með góðu skápaplássi. Stór og skjólsæl viðarverönd til suðurs. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í upphitaðri bílageymslu undir húsinu og stór sér geymsla í kjallara.

Verð 43,9 millj.

Sigluvogur. Glæsilegt einbýlishús

Virkilega glæsilegt og mjög mikið endurnýjað 251,2 fm. einbýlishús að meðtöldum nýlegum 35,8 fm. sérstæðum bílskúr. Stór eldhús með innréttingum úr hvíttaðri eik. Samliggjandi rúmgóðar stofur. Rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi innaf með miklum innréttingum. Þrjú barnaherbergi. Risloftið er nýlega klætt og einangrað að innan og er lofthæð um 1,85 metrar í mæni. Bílskúr er byggður árið 2013.

Eign á frábærum stað í rólegri götu og við opið svæði, stutt er í leikskóla og skóla.

Verð 129,0 millj.

Þorláksgeisli 50. Endaraðhús.

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45
Mjög fínt 199,1 fm. 5-6 herbergja endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum 31,6 fm. bílskúr á þessum vinsæla stað í Grafarholtinu.

Mikil lofthæð í stofu, borðstofu og eldhúsi. Þrjú herbergi auk fataherbergis. Hægt er að stúka af 4 svefnherbergið á kostnað hluta sjónvarpsrýmis. Góðir sólpallar til suðurs og norðurs á lóðinni. Gróin og falleg lóð sem snýr til suðurs, vesturs og norðurs með fallegum trjágróðri. Hellulögð stétt fyrir framan hús með hitalögn.

Verð 74,9 millj.

Heilsárshús í Skorradal. Hornlóð við Skorradalsvatn.

Fallegt heilsárshús við Vatnsendahlíð í Skorradalshreppi.

Eignin stendur á 2.975,0 fm. leigulóð á jarðarmörkum Vatnsenda og skógræktarinnar í Hvammi. Hornlóð á besta stað við vatnið (vatnalóð). Útsýni yfir Skorradalsvatn og fögur fjallasýn. Eignin er byggt árð 2000, 75,6 fm. að stærð auk 10 fm. gestahúss. Húsið snýr í SV og nýtur vel sólar.

Útsýni yfir Skorradalsvatn og fögur fjallasýn.

Verð 34,9 millj.

Birkigrund - Kópavogi. Einbýlishús með 3ja herb. samþykktri aukaíbúð.

Vel skipulagt og þó nokkuð endurnýjað 293,6 fm. einbýlishús með samþykktri 3ja herbergja aukaíbúð á neðri hæð með sérinngangi. Á efri og neðri hæð hússins er 7 herbergja íbúð auk bílskúrs. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl. árum og að utan hefur eignin alltaf fengið mjög gott viðhald og endurnýjun og er í góðu ástandi. Lóðin er 622,0 fm. með stórri steyptri innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsið með hitalögnum undir. Framlóð er tyrfð og með gróðri.**Staðsetning eignarinnar er afar góð á rólegum og veðursælum stað í Fossvoginum þaðan sem stutt er í leikskóla, barnaskóla, íþróttasvæði og aðra þjónustu.**

Verð 109,0 millj.

EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA

FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

Sverrir Kristinsson *Lögg. fasteignasali*
Guðmundur Sigurjónsson *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*
Kjartan Hallgeirsson *Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri*
Þórarinn M. Friðgeirsson *Lögg. fasteignasali, sölustjóri*
Magnea S. Sverrisdóttir *MBA, lögg. fasteignasali*
Hilmar Þór Hafsteinsson *Lögg. fasteignasali, lögg. leigumiðlari*
Guðlaugur I. Guðlaugsson *Lögg. fasteignasali*
Brynjar Þ. Sumarliðason *BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.*
G. Andri Guðlaugsson *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*
Gunnar Jóhann Gunnarsson *Hdl., lögg. fasteignasali*
Daði Hafþórsson *Aðstoðarm. fast.s.*
Davíð Jónsson *Aðstoðarm. fast.s.*
Jóhanna Valdimarsdóttir *Gjaldkeri*
Elín Þorleifsdóttir *Ritari*
Ásdís H. Júlíusdóttir *Ritari*
Anna M. Sigurðardóttir *Ritari*

BERGSTAÐASTRÆTI 81, 101 REYKJAVÍK

Vorum að fá í sölu fasteignina við Bergstaðastræti 81 í Þingholtunum. Um er að ræða samtals 403,8 fm eign. Húsið sem er á þremur hæðum er virðulegt og franskir gluggar setja á það mjög fallegan svip. Húsið stendur ofan götu á fallegri lóð. **V. 230 m.**

Nánari upplýsingar veita: H. Daði Hafþórsson aðst.m. fasteignasala í síma 824 9096, dadi@eignamidlun.is og Sverrir Kristinsson, sverrir@eignamidlun.is.

FANNAFOLD 153,112 REYKJAVÍK

Vel skipulagt og gott þriggja herbergja samtals 100 fm parhús með bílskúr á einni hæð við Fannafold í Grafarvogi. Íbúðarrými er skráð 76,5 fm og bílskúr 23,6 fm. Stofa, eldhús og tvö herbergi. Stór skjólgóð verönd er í garði. **V. 49,9 m.**

Opið hús mánudaginn 29. maí milli 17:15 og 17:45.

ÞÓRSGATA 12
101 REYKJAVÍK

Mjög góð 123 fm 3ja - 4ra herbergja íbúð á 2. hæð við Þórsgötu 12 í Miðbænum. Tvær stofu og tvö herbergi. Svalir eru útaf stofum. Mjög snyrtileg sameign. Einungis 6 íbúðir eru í húsinu. Frábær staðsetning. **Opið hús þriðjudaginn 30. maí milli 17:15 og 17:45 (íbúð 0201).**
V. 57,9 m.

LAUGAVEGUR 49
101 REYKJAVÍK

Einstaklega góð og frábærlega vel staðsett íbúð á 2.hæð í mjög góðu húsi. Stærð samtals 98,5 fm. Íbúðin skipstist m.a. í rúmgóða stofu, borðstofu, eldhús, herbergi og baðherbergi. Mjög stórar svalir, sólskáli og mjög gott útsýni. Hátt til lofts. Talsvert endurnýjuð eign. **V. 48,9 m.**

SÓLVALLAGATA 27, 101 REYKJAVÍK

Mjög góð og einstaklega björt og opin 4ra herb. 95 fm íbúð á 3.hæð á frábærum stað í Vesturbænum. Tvennar svalir með mikið útsýni. Nýlegt baðherbergi, endurnýjuð gólfefni. Tvö svefnherb og tvær saml. stofur, með góðum möguleika á þriðja herberginu. Bakgarður með sameiginlegri verönd **V. 45,9 m.**

Opið hús mánudaginn 29. maí milli 17:15 og 17:45.

HOFTEIGUR 16
105 REYKJAVÍK

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 4ra herbergja 110,0 fm neðri sérhæð í 3-býlishúsi við Hofteig. Svalir útaf stofu. Húsið hefur verið endursteinað að utan og skipt um járn á þaki. Húsið er staðsett á fallegum stað við Hofteig á móti Laugarneskirkju. Stór og sérstaklega falleg gróin lóð.**Nánari uppl. veitir Magnea S. Sverrisdóttir lg. fs. s. 861 8511, magnea@eignamidlun.is V. 54,9 m.**

BERJARIMI 14
112 REYKJAVÍK

Endurbætt AeroForce hreinsikerfi sem hreinsar allt að 50% betur en eldri gerðir. Fjarlægir betur dýrahár og endurbættur óhreinindaskynjari. Klukka með tímastilli og fallskynjari.

TILBOÐ 79.995
FULLT VERÐ 99.995

iRobot

Roomba 966
AeroForce 3 hreinsikerfi sem hreinsar enn betur og óhreinindaskynjari. vSLAM skráir umhverfið með myndavél. Fer sjálf í hleðslu og heldur síðan áfram þrifum. Klukka með tímastilli, fallskynjari og iRobot HOME app fyrir Android eða Apple snjalltæki.

TILBOÐ 99.995
FULLT VERÐ 139.995

Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

29. MAÍ 2017 MÁNUDAGUR

Merkisatburðir

1453 Býsansríkið líður undir lok þegar Konstanínópel fellur.

1918 Afstæðiskenning Einsteins er prófuð og sönnuð af Arthur Eddington og Andrew Crommelin.

1953 Edmund Hillary og Tenzing Norgay ná fyrstir manna á tind Everest fjalls.

1985 93 farast í Heysel-slysinu í úrslitaleik Evrópudeildarinnar.

1992 Danska þingið samþykkir með eins manns meirihluta að óheimilt sé að lemja börn sín í hegningarskyni.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Sveinsdóttir

kennari, Skólatröð 6, Kópavogi,

lést 22. maí. Hún verður jarðsungin frá Digraneskirkju, 30. maí kl. 11.00.

Brynhildur Steinunn Magnúsdóttir
Svanhvít Guðrún Magnúsdóttir
Þórfríður Magnúsdóttir
Magnús Árni Skjöld Magnússon
tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.

†

Útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Hallgerðar Pálsdóttur

Lautasmára 3, Kópavogi,

fer fram frá Háteigskirkju, miðvikudaginn 31. maí kl. 13.00.

Páll Halldórsson
Ásta Halldórsdóttir
Elín Ýrr Halldórsdóttir
Ólöf Eir Halldórsdóttir
Sólveig Ásgrímsdóttir
Einar Erlendsson
Jenni Guðjón Clausen
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Lára Stefanía Ólafsdóttir

fædd 31. maí 1932,
Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum laugardaginn 6. maí. Útförin fer fram þann 31. maí kl. 13.00 í Áskirkju, Reykjavík.

Ólafía G. Kristmundsdóttir
Kristmundur Kristmundsson
Ólafur Sörli Kristmundsson
Sigurvin Rúnar Sigurðsson
Elín Elísabet Jóhannsdóttir
Ivana Jeissing
barnbörn og langömmubörn.

†

Innilega þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkæru móður okkar, tengdamömmu, ömmu, langömmu og langalangömmu

Elísabetar (Elsa)Jónsdóttur,

Sléttuvegi 31 Reykajvík

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Eir sambýli fyrir frábæra umönnun og hlýju. Einnig viljum við þakka starfsfólki Grensáskirkju fyrir ómetanlegan hlýhug

Jón Óskar Carlsson
Anna S. Carlsdóttir
Pétur Á. Carlsson
Fjóla Rut Rúnarsdóttir
Jón A. Ágústsson
Kristín Sveinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

Formaðurinn Witek og sendiherrann Lech leggja hér krans að minnisvarðanum. MYND/IWONA BERGIEL

Afhjúpuðu minnisvarða um mannskætt sjóslys

Fyrir 75 árum sökk pólska gufuskipið Wigry skammt úti fyrir Mýrum. Tveir skipverjar lifðu af en hálfur þriðji tugur fórst. Sýning um skipið og slysið verður opnuð í Sjóminjasafninu í næsta mánuði. Barn bjargvættar stefnir á að vera við opnun sýningarinnar

Á fimmta tug manns var í gær viðstaddur þegar minnisvarði um pólska flutningaskipið SS Wigry var afhjúpaður við Syðra-Skóganes á Snæfellsnesi í gær. Skipið fórst út af Mýrum þann 15. janúar 1942 en aðeins tveir skipverjar, af 27 manna áhöfn, komust lífs af. Við athöfnina í gær var 25 rósum fleytt út í sjó til að minnast þeirra sem fórust.

„Við vorum heppin. Rúta lagði af stað frá Reykjavík í rigningu en á leiðinni byrjaði sólin að skína," segir Witek Bogdanski, formaður Samtaka Pólverja á Íslandi.

Wigry lagði af stað frá Reykjavík í ársbyrjun 1942 ásamt þremur öðrum skipum. Stefnan var tekin á New York. Skömmu eftir að þau höfðu lagt í hann leit allt út fyrir aftakaveður og tekin var ákvörðun um að snúa við. Skipið komst ekki klakklaust undan því það sökk ekki langt frá þeim stað sem franska rannsóknarskipið Porquoi-Pas? strandaði árið 1908.

> **Við vorum heppin. Rúta lagði af stað frá Reykjavík í rigningu en á leiðinni byrjaði sólin að skína**
>
> Witek Bogdanski, formaður Samtaka Pólverja á Íslandi

Af 27 skipverjum komust 24 í björgunarbát skipsins en honum hvolfdi. Sex manns náðu að klifra upp á kjöl skipsins og héngu þar klukkustundum saman. Eftir að tveir þeirra örmögnuðust afréðu hinir fjórir að reyna að synda í land. Af þeim komust tveir í land.

„Annar þeirra, Bragi Kristjánsson, sem þá var átján ára, skreið rúman kílómetra að bænum Syðra-Skógarnesi og sagði bóndanum þar, Kristjáni Kristjánssyni, hvað hafði gerst. Hann reið af stað og bjargaði hinum manninum úr fjörunni," segir Witek. Hinn eftirlifandinn hét Ludwik Smolski og var stýrimaður á skipinu.

Meðal gesta í gær var sendiherra Pólands á Íslandi, Lech Mastalerz, en hann flutti stutt ávarp. Unnið hafði verið að því að afkomendur eftirlifenda og dóttir bóndans á Syðra-Skóganesi myndu vera viðstödd en þau áttu ekki heimangengt.

„Dóttir Braga ætlar hins vegar að vera með okkur þegar sýningin um Wigry verður opnuð þann 10. júní næstkomandi," segir Witek.

Sýningin ber heitið Minning þeirra lifir og verður, sem áður segir, opnuð 10. júní. Hún verður opin út allan júnímánuð. Á henni má meðal annars finna líkan, í hlutföllunum 1:100, af Wigry auk mynda, blaðagreina og fleiri muna sem tengjast slysinu.

johannoli@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 29. MAÍ 1947: 25 FÓRUST Í MANNSKÆÐASTA FLUGSLYSI ÍSLANDS

Í dag eru sjötíu ár liðin frá mannskæðasta flugslysi sem átt hefur sér stað hérlendis. Þá fórst Douglas Dakota vél Flugfélags Íslands, ásamt 21 farþega og fjögurra manna áhöfn, í hlíðum Hestfjalls í Héðinsfirði. Meðal þeirra sem fórust var Garðar Þorsteinsson, fyrrverandi borgarstjóri og þá alþingismaður.

Vélin var á leið frá Reykjavík til Akureyrar. Planið var að fljúga til Skagafjarðar og þaðan út fyrir Siglu- og Héðinsfjörð til að komast í Eyjafjörð.

Þegar vélin skilaði sér ekki á Melgerðismela á áætluðum tíma, og þar sem ekkert loftskeytasamband hafði verið við hana frá því í Skagafirði, óttuðust menn um afdrif hennar. Leitarmenn fundu flakið degi síðar og var aðkomunni lýst sem hryllilegri. Vélin hafði splundrast og brak úr henni lá á víð og dreif.

Minnisvarði vegna slyssins var reistur fyrir tuttugu árum og voru það meðlimir Kiwanisklúbbsins í Ólafsfirði sem áttu veg og vanda af honum. Nokkrum árum eftir slysið var brak flugvélarinnar fært og enginn veit hvað varð um það. Talið er líklegt að það hafi endað í sjónum smám saman.

Sorgarathöfn við Reykjavíkurhöfn í gærkveldi

Þeir fórust í hinni hörmulegu flugslysi.

Þegar Ægir kemur hín 13 lík frá Akureyri

Hinir látnu á forsíðu Alþýðublaðsins

TÓNLEIKUR KYNNIR
HERBIE
HANCOCK
HLJÓMLEIKAR
ELDBORG 20. JÚLÍ
VINNIE COLAIUTA
JAMES GENUS
LIONEL LOUEKE
TERRACE MARTIN
MIÐASALA Á HARPA.IS - TIX.IS OG Í SÍMA 528 5050
HERBIEHANCOCK.COM
@HERBIEHANCOCK
@HERBIEHANCOCKOFFICIAL
a Marshall Arts Ltd. presentation IN ASSOCIATION WITH HANCOCK MUSIC MANAGEMENT AND RED LIGHT MANAGEMENT

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Gengur í strekking eða allhvassa austanátt með rigningu, en hægara og þurrt NA-til. Milt í veðri og hiti allt að 16 stigum NA-lands.



Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9°	7°	10°
← 11	← 12	← 10
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
7°	9°	6°
← 8	← 13	↖ 6

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
10°	10°	11°
↖ 8	↖ 6	↖ 8
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
7°	7°	5°
↖ 6	← 11	↑ 9

LÉTT

				9	3		5	
	5				8		7	
3		1	2					9
		6		7	9	5		
4		2	6			9		
		8	3					
8			5			4		2
				4		7		8
						1		

MIÐLUNGS

	5		3		8		2	1
							5	
3				2				
	6	4		1			3	
2			9		3	6		7
		9						2
	7	2	5	8		1		
	1		2	4				8
	9	5					7	

ÞUNG

		8	6	7				
2			9					1
	6			2	3			9
	1		8					
3		9						8
7			4		9	3	5	
	2	6				8		
				4				
	4	3		8		5		

Krossgáta

LÁRÉTT
2. á eftir
6. klafi
8. stansa
9. flík
11. org
12. goðmögn
14. gimsteinn
16. drykkur
17. skordýr
18. sóða
20. tvíhljóði
21. erlendis

LÓÐRÉTT
1. áfall
3. tveir eins
4. mælieining
5. missir
7. snyrting
10. svif
13. bókstafur
15. sefun
16. þvottur
19. samtök



LÁRÉTT: 2. næst, 6. ok, 8. æja, 9. sía, 11. óp, 12. totem, 14. safir, 16. te, 17. fló, 18. ata, 20. au, 21. utan.
LÓÐRÉTT: 1. lost, 3. ææ, 4. sjómíla, 5. tap, 7. klósett, 10. ata, 13. eff, 15. róun, 16. tau, 19. aa.

Skák

Gunnar Björnsson

Indverski undradrengurinn Praggnanandhaa (2.452) átti leik gegn Allan Stig Rasmussen (2.502) á Hastings-mótinu.
Hvítur á leik
42. Be7!! Bf3 43. Bf6+ Kg6 44. Bxf3! 1-0.

Sá indverski sló í gegn á mótinu og var í hópi efstu manna. Hann er aðeins 11 ára og er af mörgum talinn líklegur til að verða yngsti stórmeistari allra tíma.

7	9	6	3	5	2	1	4	8
8	3	5	4	9	1	2	7	6
1	2	4	6	7	8	3	9	5
2	4	9	8	3	6	5	1	7
3	5	8	1	2	7	4	6	9
6	7	1	5	4	9	8	2	3
9	1	3	7	8	4	6	5	2
4	8	2	9	6	5	7	3	1
5	6	7	2	1	3	9	8	4

7	8	4	2	3	6	5	1	9
9	2	6	1	5	8	7	3	4
5	3	1	7	9	4	6	8	2
4	9	3	5	6	1	8	2	7
1	5	8	4	7	2	9	6	3
2	6	7	9	8	3	1	4	5
6	1	9	3	2	7	4	5	8
3	4	5	8	1	9	2	7	6
8	7	2	6	4	5	3	9	1

8	7	3	5	9	2	6	1	4
4	5	9	3	6	1	8	2	7
1	6	2	7	4	8	5	9	3
9	3	1	6	5	4	7	8	2
5	2	4	9	8	7	1	3	6
6	8	7	1	2	3	4	5	9
3	9	5	8	7	6	2	4	1
7	4	8	2	1	9	3	6	5
2	1	6	4	3	5	9	7	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

29. MAÍ 2017

Tónlist

Hvað? Mánudjass
Hvenær? 21.00
Hvar? Húrra, Naustunum
Mánudagur er erfiðasti dagur vikunnar samkvæmt öllum í heiminum og um það ríkir algjör samstaða – meira að segja kötturinn Grettir hefur talað um þetta í mörg ár. Þá er auðvitað um að gera að skella sér niður í bæ og hlýða á unaðslega „smooth" djass á skemmtistaðnum Húrra svona til að koma sér inn í góðan takt fyrir vikuna.

Hvað? DJ Z
Hvenær? 21.00
Hvar? Kaffibarinn, Bergstaðastræti
Plötusnúðurinn DJ Z byrjar helgina snemma (eða seint?) og kveikir í dansgólfinu á Kaffibarnum – ekki bókstaflega. Staðurinn verður eflaust stappaður af túristum í sumarfríi sem er alveg sama hvaða vikudagur það er, svo að það þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af hvort það verði stuð á staðnum – það verður alveg örugglega til staðar.

Viðburðir

Hvað? Vinnusmiðja með Saadet Türköz
Hvenær? 17.00
Hvar? Mengi, Óðinsgötu
Einstök vinnusmiðja með tyrknesk/kasöksku raddlistakonunni Saadet Türköz í Mengi. Aðgangseyrir 3.500 krónur. Boðið verður upp á súpu og brauð í lok vinnusmiðju.

Hvað? Meistarapróf í læknadeild/Sólborg Erla Ingvarsdóttir
Hvenær? 13.00
Hvar? Læknagarður, Háskóla Íslands
Mánudaginn 29. maí kl. 13.00 mun Sólborg Erla Ingvarsdóttir gangast undir meistarapróf við læknadeild Háskóla Íslands og halda fyrirlestur um verkefni sitt: „Faraldsfræði nýrnasteinasjúkdóms í íslenskum börnum." "Epidemiology of Kidney Stone Disease in Icelandic Children."

Hvað? Norræna velferðarmiðstöðin – CONNECT verkefnið
Hvenær? 12.30
Hvar? Norræna húsið
Málþing um CONNECT verkefnið. Á síðustu fimm til sjö árum hefur velferðartækni fengið stöðugt meiri athygli með tilliti til stjórnmála og fjölmiðla, en þrátt fyrir mikinn áhuga og aukna athygli hefur ekki eins mörgum lausnum verið hrundið í framkvæmd eins og við var búist. Þau rúmlega 1.200 norrænu sveitarfélög sem um ræðir eiga í erfiðleikum með að breyta áhuga og verkefni í framkvæmdar lausnir og nýsköpun á hverjum degi fyrir starfsfólk og þjóðfélagsþegna. Þessi útgáfa og CONNECT-verkefnið í heild sinni fjallar um sum þeirra vandamála sem norrænu sveitarfélögin þurfa að takast á við í vinnu sinni með velferðartækni.

Omnom verður með opið hús í verksmiðju sinni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hvað? Súkkulaðiskóli Omnom
Hvenær? 14.00
Hvar? Hólmaslóð 4
Túr um verksmiðju súkkulaðifyritækisins Omnoms. Þar verður farið yfir allt ferlið – „frá baun að bita" og að sjálfsögðu fær fólk að smakka á góðgætinu. Verð 3.000 krónur en 1.500 fyrir börn.

Hvað? Málþing í tilefni af 35 ára samstarfsafmæli Háskóla Íslands og Minnesota-háskóla
Hvenær? 13.30
Hvar? Háskóli Íslands
Málþingið fer fram í Hátíðasal Háskóla Íslands undir yfirskriftinni „Celebrating 35 Years of a Prosperous Partnership: The University of Minnesota and the University of Iceland". Dagskráin endurspeglar samstarf háskólanna beggja þar sem litið verður yfir farinn veg og tækifæri til frekara samstarfs skoðuð. Málþingið hefst á að Jón Atli Benediktsson og Eric W. Kaler, rektorar háskólanna, undirrita endurnýjaðan samstarfssamning. Að málþingi loknu verður gestum boðið að þiggja léttar veitingar á Litla torgi kl. 17-19 með félögum úr Hollvinafélagi Minnesota-háskóla.

Andi Thelonious Monk, eins frægasta djasstónlistarmanns allra tíma, mun svífa yfir vötnum á mánudjass.

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Knights Of Cups 17:30, 20:00
Everybody Wants Some!! 17:45, 20:00
Heima 18:00
Hross I Oss 20:00
Genius 22:30
La La Land 22:15

Hjartasteinn 22:00

Góða skemmtun í bíó

Bataskóla Íslands
Opinn kynningarfundur

Haldinn verður kynningarfundur á Grand Hótel á morgun þriðjudag á milli kl. 14.30 og 15.30 í Gullteigi, á Bataskóla Íslands þar sem starfsemi skólans verður kynnt. Fundurinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir. Innritun hefst fimmtudaginn 1. júní.

Bataskóli Íslands er skóli þar sem nemendur velja sér námskeið að eigin vild eitt skólaár, frá hausti fram á vor. Hægt verður að velja úr fjölbreyttu úrvali skemmtilegra og fróðlegra námskeiða.

Námið er ætlað fólki eldra en 18 ára sem hefur glímt við eða glímir við, geðrænar áskoranir af hvaða toga sem er, aðstandendum og starfsfólki á heilbrigðis- eða velferðarsviði.

Öll námskeiðin eru batatengd, samin og flutt af sérfræðingum á viðkomandi sviði og manneskju með reynslu af geðrænum áskorunum. Skólinn fylgir batamiðaðri hugmyndafræði, áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Námið er nemendum að kostnaðarlausu.

Taktu þátt í skemmtilegu og fróðlegu námi, við tökum vel á móti þér.

Meðal námskeiða á haustönn eru:

Kvíðastjórnun – Sjálfstraust – Batamiðuð hugmyndafræði – Frá þunglyndi til léttara lífs – Vellíðan og heilsa – Jólabjargráð

Bataskóli Íslands er samstarfsverkefni Geðhjálpar og Reykjavíkurborgar með þátttöku HÍ, HR, Landspítalans og samráðsvettvangs geðúrræða á höfuðborgarsvæðinu.

Nánari upplýsingar er að finna á bataskoli.is eða í síma 411 6555 á milli kl. 13 og 16 virka daga. Þú finnur okkur líka á Facebook og getur sent verkefnisstjórum okkar línu: esther@bataskoli.is og thorsteinn@bataskoli.is.

Bataskóli Íslands

Suðurlandsbraut 32, 2. hæð, 108 Reykjavík, sími 411 6555, www.bataskoli.is

DAGSKRÁ

Mánudagur

Líf rótaranna í hljómsveitarbransanum getur verið ansi skrautlegt og skemmtilegt. Glænýir og hressilegir þættir sem hafa vakið athygli fyrir skemmtilega innsýn í lífið á bak við tjöldin í tónlistarbransanum.

MAGNAÐ
MÁNUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

CESAR CHAVES

Dramatísk mynd , byggð á sönnum atburðum sem segir frá mannréttinda - og verkalýðsforingjanum Cesar Chavez, og togstreitu hans á milli þess að sjá fjölskyldu sinni farborða og berjast fyrir réttindum landbúnaðarverkamanna.

CARDINAL

Magnaðir spennuþættir þar sem rannsóknarlögreglumennirnir John Cardinal og Lise Delorme freista þess að leysa sérlega flókið og ofbeldisfullt sakamál. Hins vegar gætu leyndarmál Cardinals úr fortíðinni stofnað rannsókninni og um leið ferli hans í hættu.

THE PATH

Stórgóðir þættir um Eddie Lane sem hrífst af kenningum sértrúarsafnaðar en það er ekki alltaf einfalt að fylgja sannfæringu sinni.



JOHN WICK

Spennutryllir um John Wick, fyrrverandi leigumorðingja sem neyðist til þess að snúa til fyrri atvinnu til þess að elta uppi menn sem ógna lífi hans.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Kalli kanína og félagar Skemmtileg teiknimynd um Kalla kanínu og félaga.
07.45 The Middle
08.10 2 Broke Girls
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Who Do You Think You Are
11.05 The Comeback
11.45 The Big Bang Theory
12.05 Project Greenlight
12.35 Nágrannar
13.00 Britain's Got Talent
13.55 Britain's Got Talent
15.05 Britain's Got Talent
15.30 Britain's Got Talent
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 Brother vs. Brother
20.05 Roadies Frábærir þættir fullir af drama, gríni og góðri tónlist úr smiðju Camerons Crow. Þættirnir fjalla um líf nokkurra rótara sem vinna fyrir vinsælu hljómsveitina Station-House Band. Þættirnir hafa vakið athygli fyrir skemmtilega innsýn inn í lífið á bak við tjöldin í tónlistarbransanum. Þótt líf rótaranna sé ekki sveipað eins miklum dýrðarljóma og líf hljómsveitarmeðlimanna er það ekki síður viðburðaríkt. Sama hvað bjátar á í einkalífinu má ekkert koma í veg fyrir að sýningin haldi áfram og áhorfendur verða ekki sviknir af óaðfinnanlegri upplifun. Framleiðendur gengu svo langt í markaðssetningu þáttanna að áhorfendur ytra héldu að hljómsveitin væri raunveruleg en hún er það ekki þótt hún sé mjög virk á samfélagsmiðlunum.
21.05 Cardinal
21.50 The Path
22.40 Cesar Chavez
00.20 Blindspot
01.05 Outsiders
01.50 Righteous Kill
03.30 The Mentalist
04.10 The Young Pope
05.05 100 Code
05.50 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

07.55 Pepsídeild karla 2017
09.35 Pepsímörkin 2017
11.00 Síðustu 20
11.25 Formúla 1 2017 - Keppni
13.50 (Huddersfield Town - Reading
16.05 FA Cup 2016/2017
18.10 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2016/2017
18.35 Ensku bikarmörkin 2017
19.05 Pepsí deild kvenna 2017
21.15 UFC Live Events 2017
23.35 Pepsídeild kvenna 2017

STÖÐ 2 SPORT 2

07.15 Pepsídeild kvenna 2017
08.55 Ajax - Manchester United
10.40 Inkasso deildin 2017
12.20 Formúla 1 2017 - Keppni
14.40 Pepsídeild karla 2017
16.20 Pepsídeild karla 2017
18.00 Pepsídeild karla 2017
19.40 Pepsímörkin 2017
21.05 Síðustu 20
21.30 Huddersfield Town - Reading
23.10 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2016/2017
23.35 Premier League World 2016/2017

STÖÐ 3

17.15 New Girl
17.40 The Comeback
18.15 2 Broke Girls
18.40 Modern Family
19.05 Fóstbræður
19.35 Stelpurnar
20.00 Who Do You Think You Are?
20.45 Pretty Little Liars
21.30 Legit
21.55 Game Of Thrones
22.50 The Brink
23.20 The Americans
00.05 Fóstbræður
00.35 Stelpurnar
01.00 Who Do You Think You Are?
01.45 Pretty Little Liars
02.30 Legit
02.55 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Strumparnir
07.25 Hvellur keppnisbíll
07.37 Ævintýraferðin
07.49 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Víkingurinn Viggó
08.11 Zigby
08.25 Stóri og litli
08.38 Ljóti andarunginn og ég
09.00 Dóra könnuður
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.47 Doddi litli og Eyrnastór
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveinsson
10.49 Lalli
10.55 Rasmus Klumpur og félagar
11.00 Strumparnir
11.25 Hvellur keppnisbíll
11.37 Ævintýraferðin
11.49 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Víkingurinn Viggó
12.11 Zigby
12.25 Stóri og litli
12.38 Ljóti andarunginn og ég
13.00 Dóra könnuður
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.47 Doddi litli og Eyrnastór
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveinsson
14.49 Lalli
14.55 Rasmus Klumpur og félagar
15.00 Strumparnir
15.25 Hvellur keppnisbíll
15.37 Ævintýraferðin
15.49 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Víkingurinn Viggó
16.11 Zigby
16.25 Stóri og litli
16.38 Ljóti andarunginn og ég
17.00 Dóra könnuður
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.47 Doddi litli og Eyrnastór
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveinsson
18.49 Lalli
18.55 Rasmus Klumpur og félagar



Svampur Sveins kl. 07.24, 11.24 og 15.24

GOLFSTÖÐIN

08.00 BMW PGA Championship
13.00 Golfing World 2017
13.50 Dean & Deluca Invitational
18.50 PGA Highlights 2017
19.45 Volvik Championship
22.45 PGA Highlights 2017

BÍÓSTÖÐIN

11.10 Elsa & Fred
12.50 The Cobbler
14.30 The Intern Gamanmynd frá 2015 með Robert De Niro og Anne Hathaway í aðalhlutverkum. Ben Whittaker er 70 ára gamall ekkill, og lífið eftir að hann hætti að vinna og missti eiginkonuna er ekki eins og hann hefði óskað að það væri. Ekkert virðist fylla upp í tómið, þannig að Ben, sem ávallt var snjall í viðskiptum, ákveður að koma aftur inn á markaðinn sem lærlingur. Hann kemur til starfa í fyrirtæki Jules Ostin, sem Anne Hathaway leikur, en fyrirtækið, sem er vefsíða um tísku, hefur vaxið hratt á tveimur árum og nú starfa þar um 200 manns. Í fyrstu virðist sem Ben passi illa inn í þetta nútímalega tískufyrirtæki, en hann vingast þó fljótt við Jules og samskipti hans við aðra starfsmenn verða sömuleiðis áhugaverð og skemmtileg.
16.35 Elsa & Fred
18.15 The Cobbler
19.55 The Intern
22.00 John Wick
23.45 The Exorcism Of Molly Hartley
01.20 Pressure
02.50 John Wick

RÚV

16.25 Golfið
16.50 Silfrið
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Háværa ljónið Urri
18.12 Hundalíf
18.14 Róbert bangsi
18.24 Skógargengið
18.35 Undraveröld Gúnda
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Eldhúsdagsumræður á Alþingi
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Blindsker
23.55 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Everybody Loves Raymond
08.25 Dr. Phil
09.05 Chasing Life
09.50 Jane the Virgin
10.35 Síminn + Spotify
13.10 Dr. Phil
13.50 Top Gear. The Races
14.40 Psych
15.25 Black-ish
15.50 Jane the Virgin
16.35 King of Queens
17.00 The Millers
17.25 How I Met Your Mother
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
19.10 The Late Late Show with James Corden
19.50 Superstore
20.15 Top Chef
21.00 APB
21.45 Shades of Blue
22.30 Nurse Jackie
23.40 The Late Late Show with James Corden
00.20 Californication
00.50 CSI
01.35 Hawaii Five-0
02.20 Scorpion
03.05 Madam Secretary
03.50 APB
04.35 Shades of Blue
05.20 Nurse Jackie

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

AEG *Alveg einstök gæði*

1. MÁNUDAGUR - 29.05
2. ÞRIÐJUDAGUR - 30.05
3. MIÐVIKUDAGUR - 31.05
4. FIMMTUDAGUR - 01.06
5. FÖSTUDAGUR - 02.06

Aðeins þessi vika!

(Lokað laugardaga í sumar)

AEG 90 ÁR HJÁ ORMSSON 1927-2017

AEG 90 ÁR HJÁ ORMSSON 1927-2017

10 AEG GÁMAR Á 5 DÖGUM

**Um 1000 AEG tæki í eldhús og þvottahús Íslendinga.
Tilboð á AEG þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum - á völdum módelum.
AEG ryksugur með 20% afslætti, úrval AEG kæliskápa og frystiskápa, ofnar, helluborð með 30% afslætti, viftur og háfar. AEG smáraftæki með 20% afslætti. Verið velkomin í miðstöð AEG á Íslandi.**

AEG DAGAR - AÐEINS ÞESSA VIKU

Sölumenn okkar eru í samningsstuði - þið komið og ræðið við sölufólk okkar, sem er í góðu skapi eins og alltaf og sérstaklega fúst til að láta þig njóta besta verðs og greiðsluskilmála, jafnvel vaxtalaust.
Þú færð nútíma AEG tæki og hagnast á samningsstuðinu.

NÝR VEFUR Netverslun ORMSSON.IS

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Lokað laugardaga í sumar

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR BYGG	ORMSSON	PENNINN	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI	TÆKNIBORG	OMNIS	BLÓMSTURVELLIR
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK -EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM	BORGARNESI	AKRANESI	HELLISSANDI
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 4712038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333	SÍMI 422 2211	SÍMI 433 0300	SÍMI 436 6655

Meira líf að færast í hliðargöturnar

Flest íslenskt tískuáhugafólk ætti að kannast við hönnunarverslunina Kiosk sem var á Laugavegi. En verslunin er flutt og opnaði um helgina á Ingólfsstræti 6. Hópurinn á bak við Kiosk er himinlifandi með nýja rýmið.

Við þurftum að rýma húsnæðið sem við vorum í vegna þess að húsið var selt. Þetta er búið að standa til lengi, alveg í tvö ár. Þannig að það er rosalega gott að vera búin að finna nýtt rými," segir fatahönnuðurinn Eygló Margrét Lárusdóttir sem er einn stofnandi Kiosk.

„Við fundum nýja plássið okkar sama dag og við fluttum, svona týpískt íslenskt eitthvað: „þetta reddast"," segir hún og hlær. Eygló er ein að fjórum fatahönnuðum sem reka verslunina og hópurinn er hæstánægður með að vera búinn að opna nýju verslunina. „Já, það er gott að vera búinn að opna aftur, búðin var náttúrulega lokuð í tíu vikur, þannig að við erum glaðar," segir Eygló.

„Það er líka ótrúlega gott að fá að innrétta allt upp á nýtt. Við fengum Ninju Sif til að hanna búðarborðið og arkitektinn Karitas Möller aðstoðaði okkur við að hanna rýmið," segir Eygló sem er sátt við útkomuna.

Spurð út í hvernig nýja staðsetning leggist í hana segir Eygló: „Bara vel. Við erum strax búnar að finna að þetta er góð staðsetning og að þetta er að virka vel, þetta er ósköp svipað og að vera á Laugaveginum. Ferðamenn eru líka að versla mikið hjá okkur."

Eygló hefur fulla trú á verslunarrekstri í miðbænum. „Í raun er miðbærinn að stækka. Þó svo að Laugavegurinn sé kominn með fullmargar túristabúðir þá er margt að gerast þar í kring. Það er komið líf á Hverfisgötuna og verslun er að færast í meiri mæli í hliðargöturnar. Ég veit um fjórar aðrar frábærar verslanir sem verða opnaðar á næstunni eða hafa nýlega opnað, allar að selja íslenska hönnun. Svo eru nú alveg smekklegir ferðamenn í bænum líka sem hafa gaman af því að versla hjá okkur."

Eygló er himinlifandi með nýja rýmið sem Kiosk var að opna í. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Búðarævintýrið gengið vel í sjö ár

Nýja rýmið er svipað og það gamla að sögn Eyglóar en verslunin sjálf hefur þó breyst eitthvað á síðustu misserum. „Við erum að vinna með öðruvísi uppsetningu og tókum nýlega inn smávöru," segir Eygló.

Kiosk var stofnað árið 2010 og Eygló segir búðarævintýrið hafa gengið vel síðan þá. „Já, ég myndi segja að þetta hafi alltaf verið vel heppnað. Það hjálpar líka til að við höfum fengið verðlaun frá Grapevine, ár eftir ár, sem besta búðin til að kaupa íslenska fatahönnun. Og við höfum líka fengið meðmæli frá Vogue og New York Times og fleira. Allt svona hjálpar til." En í gegnum tíðina hefur orðið töluvert rót á skipulaginu á bak við verslunina. „Já, alveg hellingur. Við byrjuðum sem sjö hönnuðir og vorum á tímabili tíu. Núna erum við fjórar í þessu sem rekum fyrirtækið þó svo það séu fleiri merki seld í versluninni.

Innt eftir því hvort hún hafi í upphafi ímyndað sér að Kiosk yrði langlíf verslun svarar Eygló játandi. „Já, ég hafði alltaf fulla trú á þessu.

Galdurinn við að geta gert þetta var auðvitað hvað við vorum mörg í þessu saman. Við borguðum lága leigu í upphafi og þurftum ekki að borga starfsmanni fyrir að standa vaktina, við skiptum vöktunum á milli okkar og stóðum við bakið á hvert öðru og gerum enn," segir Eygló að lokum.

gudnyhronn@gmail.com

GROHE
TILBOÐSVERÐ
ELDHÚSTÆKI
Minta, með hárri sveiflu.
19.995kr.
15332917
Almennt verð: 28.995 kr.

TILBOÐSVERÐ
RUGGED EIK
harðparket, 192x1285mm, 8mm þykkt.
1.293kr./m²
0113478
Almennt verð: 2.298 kr./m²
Krono Original High Quality Made by Kronospan

GROHE
TILBOÐSVERÐ
STURTUTÆKI
Grohtherm 1000 með CoolTouch® brunaöryggi.
24.995kr.
15334146
Almennt verð: 27.995kr.
TILBOÐSVERÐ
HANDLAUGARTÆKI
Eurosmart, króm með lyftitappa.
9.995kr.
15323325
Almennt verð: 14.995 kr.

FRÁBÆR TILBOÐ FYRIR ÞÁ SEM STANDA Í FRAMKVÆMDUM!

Krono Original High Quality Made by Kronospan
TILBOÐSVERÐ
VALLEY EIK
harðparket, 192x2000mm, 10mm þykkt.
2.393kr./m²
0113490
Almennt verð: 3.997 kr./m²

GROHE
SALERNISSETT
Inniheldur salernisgrind, hæð 1,13 m, krómaðan hnapp, festivinkla, skál og hæglokandi setu.
59.995kr.
15339186
FLOTT SETT!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
Tilboð gilda til 7. júní eða á meðan birgðir endast.

Auðvelt að versla á byko.is. Sendum um allt land
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Tilboðsvika í Hafinu

29. maí - 2. júní.

★ **Langa í sítrónu og kóríander**
1790 kr. kg

★ **Langa í hvítlauk og pipar**
1790 kr. kg

GRILLUM FISK Í SUMAR

★ **Þorskur í basil og hvítlauk**
1890 kr. kg

Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð

KOKKA LANDS LIÐIÐ

HAFIÐ ER STOLTUR SAMSTARFSAÐILI ÍSLENSKA KOKKALANDSLIÐSINS

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | www.hafid.is | við erum á facebook

HAFIÐ FISKVERSLUN

DORMA KYNNIR

SIMBA®

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.

Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum

90 x 200 cm	74.990 kr.
120 x 200 cm	89.990 kr.
140 x 200 cm	99.900 kr.
160 x 200 cm	114.990 kr.
180 x 200 cm	129.900 kr.

Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á **www.simbasleep.is**

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu dauminn ræðast

Elli Grill hringdi til Texas og pantaði gulltennur frá einum þekktasta gullsmið rappleiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Pantaði sér gulltennur frá Texas fyrir peninginn

Rapparinn Elli Grill sendi frá sér lagið Skidagrimu Tommi í síðustu viku en um er að ræða lag sem hann tók upp í Bandaríkjunum. Elli sendir frá sér nýja plötu á föstudaginn sem hann segir minni á tunglendinguna og fái álfa og huldufólk til þess að efast um tilvist sína.

Við tókum lagið upp í Bandaríkjunum á tónleikaferðalagi með Shades of Reykjavík um suðurríkin. Ég tók lagið upp í stúdíói hjá listamannateymi og útgefendum sem heita Southern Demon Herd. Þeir eru klikkaðir sígaunar. Svo tókum við myndbandið upp í Memphis, Tennesee," segir Elli Grill en hann gaf nú nýlega út lagið Skidagrimu Tommi (HÆ GRILLI GROM) með myndbandi. Elli skrifaði fyrir ekki margt löngu undir samning hjá útgáfunni Alda Music, fyrirtæki þeirra Sölva Blöndal og Ólafs Arnalds og er þetta lag það fyrsta sem kemur frá rapparanum síðan hann skrifaði á punktalínuna hjá þeim félögum.

Um hvað fjallar þetta lag?

„Ég kynntist útigangsmanni í Memphis sem ég kallaði alltaf Tomma en hann heitir held ég Mike – veit ekki alveg af hverju ég kallaði hann Tomma, en við vorum búnir að fá okkur smá koníak og svoleiðis. Hann sagði mér ýmsar sögur og lagið spratt eiginlega frá því."

Orðið á götunni segir að þú hafir farið með peninginn sem þú fékkst frá Öldu og keypt þér gulltennur (e. grillz eða grill, svona eins og „Elli Grill") fyrir allt heila klabbið, er eitthvað til í því? „Já, á - þetta er 18 karata gull með demantaskurðum. Ég á von á því bráðum til landsins – ég pantaði þetta frá gæjanum sem gerir grillz fyrir allar stjörnurnar í bransanum, algjört „legend in the game". Hann heitir TV Johnny Dang, frá Víetnam – flutti til Bandaríkjanna og hefur verið að gera tennur fyrir alla rappara í Texas.

ÞETTA ER 18 KARATA GULL MEÐ DEMANTASKURÐUM. ÉG Á VON Á ÞVÍ BRÁÐUM TIL LANDINS – ÉG PANTAÐI ÞETTA FRÁ GÆJANUM SEM GERIR GRILLZ FYRIR ALLAR STJÖRURNAR Í BRANSANUM

Mig hefur alltaf langað í grill hjá honum – hef verið að tala við hann lengi. Það er ekki hægt að panta af netinu, maður þarf að hringja og tala við hann."

Það er ekkert annað. Þú ert kominn með glænýjan plötusamning í hendurnar, nýjar gulltennur – má ekki gera ráð fyrir því að það sé plata á leiðinni? „Jú, það er plata á leiðinni. Hún kemur út næsta föstudag. Þetta er tólf laga plata sem ég er búinn að vinna mjög ákaft í allt árið 2016. Allt efnið á plötunni helst í hendur – það er svona gamaldags sci-fi filingur á henni, það er eins og hún komi úr fortíðinni en líka framtíðinni: það er eins og hún sé eitthvað kolkrabbaskrímsli. Þessi plata á eftir að láta álfa og huldufólk efast um tilvist sína og hún minnir svolítið á fyrstu tungllendinguna."

Verða einhverjir skemmtilegir gestir á plötunni? „Alvia Islandia er á henni, Úlfur Úlfur og Kött Grá Pjé. Það er reyndar alveg ótrúlegt lag sem við gerðum – Úlfur Úlfur og Kött Grá Pjé í sama laginu með mér. Það er alveg klikkað lag þó ég segi sjálfur frá, alveg ótrúlegt. Það heitir Cadillac draumar."

Lagið og myndbandið nýja frá Ella Grill má finna á YouTube.

stefanthor@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Fernur eiga framhaldslíf

Tappinn er unninn úr plöntum

Þegar mjólkin er búin er best að brjóta fernuna saman og skila henni í pappírs-gám/-tunnu svo hún öðlist framhaldslíf

Pappinn er unninn úr trjám

Fernan gæti í framhaldinu orðið morgunkorns- eða pitsakassi

Umhverfisvænni umbúðir

Nýju mjólkurfernur MS eru framleiddar úr endurnýjanlegu hráefni úr plönturíkinu. Umbúðirnar eru þær umhverfisvænstu sem völ er á fyrir drykkjarmjólk en pappinn kemur úr ábyrgri skógrækt og plastið er unnið úr plöntum í stað olíu. Með þessari nýju aðferð er ekki gengið á takmarkaðar auðlindir jarðar við framleiðsluna og á sama tíma er dregið úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið.

FSC FORESTS FOR ALL FOREVER

Sjá nánar á ms.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar

Helgu Völu Helgadóttur

Frelsi einstaklingsins

Frelsi einstaklingsins er grunnurinn að sanngjörnu og umburðarlyndu samfélagi þar sem virðing er borin fyrir ólíkum lífsháttum.“ Svo segir í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins sem eins og margir aðrir frjálslyndir flokkar telja þetta með mikilvægustu grunngildum sínum.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar sat gegnheill sjálfstæðismaður í stól menntamálaráðherra. Kom hann því til leiðar að steypa alla framhaldsskóla landsins í sama mót. Með skyldustyttingu náms úr fjórum árum í þrjú framkvæmdi hann það að val einstaklings til náms er lítið sem ekkert. Menntaskólum fækkar, nemendur, sem áður gátu valið um að stytta framhaldsskóladvöl sína í þrjú ár, hafa ekkert val lengur.

Menntaskólum, eins og MR, Versló og MA, sem miðuðu nám sitt við fjögur ár en ekki þrjú var bannað að halda því áfram því ráðherra hafði tekið ákvörðun um að allir skyldu vera eins. Allir framhaldsskólar landsins skyldu steyptir í sama mót, þrjú ár skyldi það taka að ljúka stúdentsprófi því hagfræðileg úttekt sagði það gott fyrir efnahagslífið.

Þetta fór nánast án umræðu í gegnum þing og samfélag.

Nú er þessu fyrsta ári lokið. Sjálf hef ég fylgst með því gríðarlega álagi sem hvílir á nemendum á fyrsta ári í MR og heyrði ég að fall á fyrsta ári í þessari elstu menntastofnun landsins hefði verið nærri fjörutíu prósent! Búið er að skerða menntun þeirra svo þau koma verr undirbúin inn í háskólana. Búið er að minnka gæði skólaáranna því félagsstarf og tómstundir komast lítt fyrir í sólarhringnum. Hvað liggur á? Við lifum lengur en áður var en höfum látið hagfræðirannsóknir segja okkur að verja styttri tíma í framhaldsskóla. Hvernig gat þetta gerst?

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

333 kr á dag*

*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817 365

Sumartilboð!

30% AFSLÁTTUR!

ROYAL LAYLA

Hágæða millistíft fimm svæða skipt heilsurúm með áföstum mjúkum topp og pokagormakerfi ásamt rúmbotni og fótum.

Stærð 120x200 sm
Fullt verð 127.354 kr.
TILBOÐ 89.148 kr.
8.094 kr.* Á MÁNUÐI

Stærð 153x200 sm
Fullt verð 174.180 kr.
TILBOÐ 121.926 kr.
10.921 kr.* Á MÁNUÐI

Stærð 180x200 sm
Fullt verð 222.492kr.
TILBOÐ 155.744 kr.
13.838 kr.* Á MÁNUÐI

(* Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)

ROYAL CORINNA

Hágæða millistíft fimm svæða skipt heilsurúm með áföstum mjúkum topp og pokagormakerfi ásamt rúmbotni og fótum.

Stærð 90x200 sm
Fullt verð 83.709 kr.
TILBOÐ 58.596 kr.
5.459 kr.* Á MÁNUÐI

Stærð 120x200 sm
Fullt verð 98.036 kr.
TILBOÐ 68.625 kr.
6.324 kr.* Á MÁNUÐI

30% AFSLÁTTUR!

ARGH!!! 220517

Fatboy Headdemock hengirúm

Verð 47.886 kr.

fatboy

FYRSTA GREIÐSLA Í ÁGÚST!

rekkjan

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM